Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

Aðfnr. 1283, örk 8


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl
haustið 1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

Í [illegible], 2. febr., 1899.

Sem formaður niðurjöfnunarnefndarinnar leyfi jeg mjer hjermeð virðingarfyllst að tjá yður, herra bæjarfógeti, að eptir að nefndin lauk störfum sínum hinn 30. nóvbr. f. á., er jeg með brjefi sama dag skýrði yður frá, jafnframt og jeg sendi yður niðurjöfnunarskrána, hafa mjer borist 50 kærur frá ýmsum gjaldþegnum yfir auka-útsvörum þeim, sem nefndin hafði ~~gert~~ gjört þeim. Sumar af kærum þessum (9 að tölu) bárust mjer þó ekki fyr en eptir að hinn lögákveðni kærufrestur var útrunninn, en það var 28. desbr. f. á. – Kærurnar úrskurðaði nefndin á fundi 11. f. m., og urðu þá þessi breytingar á útsvörunum:

I. Hækkað gjald.

Sveinn Guðmundsson, Selsbúð, hækkað úr kr 8,00.

II. Gjöld eptirnefndra manna eru felld niður:

1. Steinunnar Jónsdóttur, vinnukonu hjá Birni Jónssyni – – kr. 2,00.
2. Guðrúnar Jóhönnu Jónsdóttur, Laugaveg (áður Skólavörðustíg) – – 4,00.
3. Jóhönnu Sveinsínar, Sveinsbæ – 10,00. 16,00.

III. Lækkað gjald.

1. Tómas Jónsson, Sveinsbæ, lækkað úr kr 2,00.
2. ~~Þuríður Jónsdóttir~~ L Jörundardóttir – – – – 2,00.
3. Jón Einarsson, frá Klepp – – – 3,00.
4. Jón Tómasson frá Bygggarði – – 4,00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Fröken Ingibjörg Bjarnason . . . kr 2,00.
6. Erlendur G. Þorleifsson, Pólshúsum – 2,00.
7. Gunnlaugur Ólafsson, Litla-landi – 10,00.
8. Kristinn Egilsson, Skólavörðustíg – – 3,00.
9. W. Ó. Breiðfjörð, kaupmaður – – 5,00
10. Gísli Jónsson, Nýlendu – – – 2,00.
11. Þórður Jónsson, Laugaveg – – 4,00.
12. Jón Jónsson, verzlunarmaður, frá Þverá – 7,00.
13. Þorbjörn Bjarnason – – – – 2,00.
14. Magnús Magnússon, Skipstjóri – 5,00.
15. Sveinn Sveinsson, snikkari – 2,00.

Samtals kr 55,00.

IV. Engum gjaldenda var aukið á útsvarsskrána, eptir að hún var send yður.

V. Kærur frá eptirnefndum gjaldendum voru að engu leyti teknar til greina:
1. Gísla Þorbjarnarsyni, búfræðing
2. Árna Árnasyni, Hansbæ
3. Hannesi Erlendssyni, Mel
4. Birni Hieronymussyni, Litla-Seli
5. Guðjóni Eiríkssyni, Litla-Steinsholti
6. Steingrími Jónssyni, Sölvhól.
7. Jóni Tómassyni, frá Velli, Bráðræði
8. Guðm. Magnússyni, Laugaveg
9. Kristjönu Jóhannsdóttur, frá Stapakoti
10. Ingvari Þorsteinssyni, Ráðagerði, Rvík.
11. Lopti Þorsteinssyni, Klapparstíg
12. Hildibrandi Kolbeinssyni, Hákoti
13. Eiríki Þorkelssyni, Rvík
14. Magnúsi Þorsteinssyni, frá Hólakoti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Frú Carolina Jónassen, Rvík
16. Adjunkt Þorleifi Bjarnasyni
17. Jónasi Guðmundssyni, Bergstaðastræti.
18. Adam Sigmundssyni Barclay.
19. Magnúsi Sigurðssyni, frá Skildinganesi.
20. Fjelagsprentsmiðjunni, Rvík
21. Bókbindara Halldóri Þórðarsyni.
22. Jóni Gíslasyni, Vesturgötu No. 5.
23. Frú Christiane Guðmundsen, Laugavegi
24. Einari Magnússyni, stýrimanni.
25. [illegible] (Hans Ol. Björn)
26. Póstmeistara Sigurði Briem
27. Bókbindara Gísla Guðmundssyni
28. Járnsmið Þorsteini Jónssyni, Vesturg. 33
29. Sveini Dalhoffssyni (Dalhoff)
30. ~~Snikkara~~ Gunnari Gunnarssyni
31. Margrjeti S. Þorgrímsdóttur, Borgskoti
32. Guðmundi Bjarnasyni, Melbæ
33. Sölu Th. Sívertsen, frá Hrappsey.

Kærur frá 7 hinum síðastnefndu bár-
ust nefndinni of seint, eða eftir að
kærufrestur var útrunninn. —

Skjöl þau, er jeg meðtók með brjefum
yðar 27. júní og 26. okt. f. á.
endursendast hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrá yfir útsvörum. 1898.

×1. Gísli Þorbjarnarson, Rvík, búfræðingur . . . Meðt: 7/12. 1898. .
×2. Tómas Jónsson, Sveinsbæ, Rvík . . . . . . 8/12. .
×3. Þuríður Guðmundsdóttir, Rvík . . . . . . 8/12 . .
×4. Árni Árnason, Hansbæ, Rvík . . . . . . 9/12 . .
×5. Jón Einarsson, Kleppi (Rvík) . . . . . 10/12 . .
×6. ~~Hannes Erlendsson, Melnum (Rvík)~~ . . . . . 12/12. .
×7. ~~Björn Hieronymusson, Litla Seli~~ . . . . . 12/12 . .
×8. Guðjón Eiríksson, Litla-Steinsholti . . . . . 12/12 . .
×9. ~~Jón Tómasson, Grímsstaðaholti (Rvík)~~ . . . . . 12/12. .
×10. Steingrímur Jónsson, Sölvhól . . . . . . 13/12. .
×11. Jón Tómasson frá Velli . . . . . . 13/12 . .
×12. Guðm. Magnússon, Rvík . . . . . . 13/12. .
×13. Kristjana Jóhannsdóttir frá Stapakoti, Rvík . . . 14/12 . .
×14. Ingvar Þorsteinsson, Ráðagerði . . . . . 14/12. .
×15. Loftur Þorsteinsson, Klapparstíg, Rvík . . . 14/12. .
×16. Hildibrandur Kolbeinsson, Reykjavík . . . . . 14/12 . .
×17. Eiríkur Þorkelsson, Reykjavík . . . . . 14/12 . .
×18. Ingibjörg Bjarnason, fröken, Rvík . . . . . 14/12. .
×19. Erlendur G. Þorleifsson, Pálshúsum, Rvík. . . . 16/12. .
×20. Gunnlaugur Olafsson, Litlalandi, við Rvík . . . 16/12 . .
×21. Kristinn Egilsson, Skólavörðustíg . . . . . 18/12. .
×22. Magnús Þorsteinsson frá Halakoti, Sauðagerði . . . 19/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 23. W. O. Breiðfjörð, kaupmaður, Rvík . . . . . . Meðt. 19/12. '98.

× 24. Frú Caroline Jónassen, Rvík - - - - - - - - 20/12. '98. –

× 25. Þorleifur H. Bjarnason, adjunkt - - - - - - - - 22/12. '98. –

× 26. Jónas Guðbrandsson, Reykjavík (Bremen) - - - - - 23/12. '98. –

× 27. Gísli Jónsson, Nýlendu, Rvík - - - - - - - 23/12. '98.

× 28. Björn Jónsson, ritstjóri; kom ýfir útv. a) Steinunnar Jónasdóttur
b) Ásmundar Sigmundssonar (Barclay) - - 24/12. '98.

× 29. Þórður Jónsson, Laugavegi, Rvík . . . . . . . . 24/12. '98.

× 30. Jón Jónsson, frá Þverá, Rvík, bókhaldari - - - 24/12. '98. –

× 31. Magnús Sigurðsson, frá Skildinganesi, Rvík - - - - 24/12. '98. –

× 32. ~~Halldór Þórðarson bókbindari~~ Reykjavík - - - - - - - 27/12. '98. –
(Fjelagsprentsmiðjan)

× 33. Halldór Þórðarson, bókbindari, Rvík - - - - - - 27/12. '98. –

× 34. Þorbjörn Bjarnason, Reykjavík - - - - - 27/12. '98

× 35. Jón Gíslason, skósmiður, Nýlendugötu - - - - - 27/12. '98.

× 36. Kristín Guðmundsdóttir, Laugaveg - - - - - - - - 28/12. '98.

× 37. Einar Magnússon, Reykjavík - - - - - - - - - 28/12. '98.

× 38. Margrjet Pálsdóttir fyrir Magnús Stephensen, son sinn - - - - 28/12. '98.

× 39. Sveinn Sveinsson, snikkari - - - - - - - - 28/12. '98.

× 40. H. C. Bojesen, Fellsskarum - - - - - - - - 28/12. '98. –

× 41. Sigurður Briem, póstmeistari - - - - - - - - 28/12. '98. –

× 42. Gísli Guðmundsson, bókbindari - - - - - - - 30/12. '98

× 43. Þorsteinn Jónsson, járnsmiður, Vesturgötu - - - - - 30/12. '98.

44. Guðrún Jóhanna Jónsdóttir, Laugavegi - - - - - - - - [illegible] '98. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 45. Sveinn Delhoff, Rvík – – – – – – Meðt. 3/1. 1899. – –
× 46. Gunnar Gunnarsson, snikkari – – – – – – – – – 3/1. – – –
× 47. Jóhannes Sveinsson, Sveinsbæ – – – – – – – 5/1. – –

Fundur tilkynntur 11/1. 99

× 48. Margrjet Bergmundsdóttir, Bergstöðum – – – – – – 12/1 –
× 49. Guðmundur Bjarnason, Melbæ – – – – – – 13/1 – – –
× 50. Skúli Sívertsen, frá Hrappsey – – – – – 21/1 – – –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gísli Þorbjarnarson búfr. (kærði; óbreyttur)
Tómas Jónsson skipstjóri (kærði; lækkaður um 2 kr)
Þuríður Jörundsdóttir (kærði; lækkuð um 2 kr)
Árni Árnason Hansbæ (kærði; stendur óbreyttur)
5 Jón Einarsson Kleppi (kærði; lækkaður um 3 kr) veikur
Hannes Erlendsson (kærði; óbreyttur)
Björn Hieronymusson (kærði; óbreyttur)
Guðjón Eiríksson (kærði; óbreyttur)
Jón Tómasson Eyv.st. (kærði; lækkaður um 4 kr)
10. Steingrímur Jónsson Sóloból (kærði; óbreyttur)
Jón Tómasson Velli (kærði; óbreyttur)
Guðm. Magnússon (kærði; óbreyttur)
Kristjana Jóhannsd. frá Stapakoti (kærði; óbreytt)
Ingvar Þorsteinsson (kærði; óbreyttur)
15. Loptur Þorsteinsson (kærði; óbreyttur)
Hildibrandr Kolbeinsson (kærði; óbreyttur)
Eiríkur Þorkelsson (kærði; óbreyttur)
Ingibjörg Bjarnason (kærði; lækkuð um 2 kr)
Erlendr G. Þorleifsson (kærði; lækkaður um 2 kr)
20 Gunnlaugur Ólafsson (kærði; lækkaður um 10 kr)
Kristinn Egilsson (k.: útsvar 15 kr; lækkadr um 3 kr)
Magnús frá Halakoti (k:; útsvar 15 kr; óbreyttur)
W. Ó. Breiðfjörð (kærði; óbreyttur) lækkadr úr 150 í 145 kr.
Carolina Jonassen (útsvar 75 kr; kærði; óbreytt)
25 Þorleifur Bjarnason (—"— 80 kr., kærði; óbreyttur)
Jónas Guðbrandss. Brennu; útsvar 25; kærði; óbreyttur)
Gísli Jónsson Nýlendu; útsvar 15; kærði; lækkaður um 2,00)
Steinunn Jónasdóttir; kærði; fellur niðr útsvar 2
Adam Barklay: kærði: útsvar 8 kr.; óbreyttur.
30 Þórður Jónsson Laugavegi; k; útsvar 8 kr; lækkadr um 4,00
Jón Jónsson Þverá; útsvar 25 kr.; lækkadr um 7 kr.
Magnús Sigurðsson Skildinganesi; [illegible]; óbreyttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Fjelagsprentsmidjan; útsvar 95; óbreytt
— Halldór Þórdarson bóksb: útsvar 110; kærdi, óbreyttur
35 Þorbjörn Bjarnason; útsvar 18; lækkadur um 2,00
— Jón Gíslason skósmidr; —"— 10; óbreyttur
— Kristín Gudmundsen —"— 8; óbreytt.
— Einar Magnússon stýrim —"— 18; kærdi, eigi seint
— Magnús —"— skipstjóri —"— 30; lækkadur um 5 kr.
40. Sveinn Sveinsson snikkari —"— 30; — " — —"— 2 —"
— Bojesen — 25 kr. útsvar — kærdi; óbreyttur.
— Sigurdr Briem; útsvar 130; óbreyttur
— Gísli Gudmundss. bókbindari; 20; vísad til bæjarstjórnar
— Þorsteinn Jónsson; 38; kærdi of seint; vísad til bæjarstjórnar.

45 Gudrún Jóhanna Jónsdóttir; segist vinnukona; því er henni slegspt (4 kr. lagt á)
— Sveinn Dalhoff; útsvar 20; kærdi; segist vera vinnumadur födur síns; vísum því til bæjarstjórnar; brjefid kom of seint
— Gunnar snikkari (kærdi; hefr 40 kr; óbreyttur)
— Jóhannes Sveinsson Sveinsbæ: útsvar 10; kærdi; var felldur burtu, en fadir hans, Sveinn Gudm. í Sveinsbæ, sem hafdi 6, fær 14 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

Reykjavík 26. d. október mán. 1898. Kr 26027,76 með 5% - Kr 27329,14
6% - - 27589,43

eg fæ 28,243 kr eða yfir 8%
Hf.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins 1899, er bæjarstjórnin hefur samið, ber að jafna niður á bæjarbúa aukaútsvörum það ár, að upphæð Kr. 26,027.76 a, að viðbættum 5-10% eins og lögboðið er. - Það leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og um leið geta þess til leiðbeiningar við niðurjöfnun þá, sem nú fer í hönd, að eptirgreindir menn hafa fengið atvinnu og aðsetursleyfi hjer í bænum síðan 27. júní þ. á.:

I. Sveinsbrjef:

1. Páll Guðmundsson, söðlasmiður
2. Sigfús Einarsson — " —
3. Halldór Guðmundsson, járnsmiður
4. Lúðvík Jakobsson, bókbindari.
5. Halldór Þórðarson, skósmiður
6. Benidikt Stefánsson — " —

II. Skipstjóraskýrteini:

1. Þorsteinn Egilsson, skipstjóri.

III. Lausamennskuleyfi:

1. Guðjón Jónsson, frá Nesi —

IV. Húsmannsleyfi:

1. Ögmundur ~~Sigurðsson~~ Guðmundsson frá Hrauni í Árnessýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

×2. Niels Pálsson frá Laxholti
×3. Sigríður Tómasdóttir frá Mýrarkoti
×4. Ingvar Sveinsson, frá Elliðavatni
×5. Ámundur Þórðarson, frá Lyklum, Kjalarnesi
×6.a Kristján Teitsson – Gerðabakka í Garði
–6.b Þórunn Eiríksdóttir Laugav. 7.
×7. – Ólafsson – Gerðum –
×8. Þorsteinn Káraason – Mosfellsdal
×9.a Halldór Bjarnason – Hagavelli
–9.b Guðmundur Sigmundsson – Eyrarbakka. –
×10. Sigvaldi Blöndal
×11. Nathanael Sigurðsson frá Helgadal
×12. Magnús Benediktsson Laugaveg 37. –
/ 13. Rudolfur Guðmundsson, Vesturgötu

Umsóknarbrjef þeirra manna, er torrt-
kaupmennskuleyfi hafa fengið, með upplýsing-
um um efnahag þeirra og ástæður fylgir
hjerméð til athugunar, og óskast þau
endursend þegar niðurjöfnunarnefndin
hefur notað þau.

Halldór Daníelsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26027,76
7
182194,32
med 7% = 1821,94
27849,70
260,-
28109,70

Tengið: - 28236,00
Upprofun c. 27590,00
N 646,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um efnahag (eignir og skuldir) undirskrif-aðs umsög hann er í febrúarmánuði 1898

| | | Kr | au | Kr | au |
|---|---|---|---|---|---|
| | A. Eignir | | | | |
| 1. | Tvær kýr á 90 Kr hver | 180 | oo | | |
| 2 | Þrjú hross 50 Kr tvö 30 Kr á | 130 | oo | | |
| 3 | 31 ær hver á 10 Kr | 310 | oo | | |
| 4 | 10 sauðir eldri en 1 vetrar | 110 | oo | | |
| 5 | 20 kindur 1 vetrar hver á Kr 7,50 | 150 | oo | | |
| 6 | Eign í húsinu | 87 | oo | | |
| 7 | Ýmisleg búsgögn og sængur-fatnaður | 195 | oo | | |
| 8. | Útistandandi skuldir | 36 | oo | | |
| | Eignir samtals | — | — | 1198 | oo |
| | B. Skuldir | | | | |
| 1 | Álag á jarðarhúsi áætlað | 90 | – | | |
| 2 | Skuldir | 100 | – | 190 | oo |

Skuldlaus eign = Kr 1008 oo

[illegible]

flett

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Börn hefi jeg tvö á framfæri 4 og 2 ára og gef með hinu þriðja 36 kr. á ári. Aðra skyldu ómaga hef jeg ekki.

Hálakoti 19. febrúar 1898
Ari Arason

Að framanritað skýrsla Ara Arasonar í Hálakoti sje, eptir því, sem við vitum bezt, í alla staði sönn og áreiðanleg og að Ari og Aðdís Sigurðardóttir kona hans, sjeu heilsugóð og ráðdeildarsöm, það vottum við undirskrifaðir

Mosfelli og Klausturhólum 20. febr. 1898
J. Stephensen Magnús Jónsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

Reykjavík þ. 17. nóvember 1898.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tilkynna hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að efnahagur minn er talsvert breyttur í ár frá því sem var í fyrra, og jeg leyfi mjer að biðjast þess, að hin háttvirta nefnd taki þessa breytingu til greina, þegar hún ákveður aukaútsvör fyrir næsta ár.

Í fyrra var aukaútsvar mitt sett 120 krónur. Þá voru tekjur mínar laun úr landsjóði sem forstjóra, en frá verzlun H. Th. A. Thomsens hafði jeg alls engar tekjur, og borgaði heldur engan hlut í því aukaútsvari, sem þá var lagt á verzlunina.

Þetta ár hef jeg aðeins hlut af ágóðanum við verzlun H. Th. A. Thomsens, en að þeirri verzlun er jeg orðinn meðeigandi fyrir nokkrum árum. Tekjur mínar verða talsvert minni en í fyrra, því jeg verð að borga þriðjapart af öllum útgjöldum, sem hvíla á verzluninni, þar ámeðal einnig af aukaútsvari verzlunarinnar.

Ef líkt aukaútsvar verður jafnað niður á verzlunina í ár og í fyrra, sem sje 754 krónur, verð jeg að borga af því 251 kr. 33 aura. Jeg býst við, að þessi upphæð verði talsvert hærri procentvis í samanburði við tekjur mínar, en nokkur annar borgar hjer í bænum af tekjum sínum. – Hreinn ágóði af verzlun í Reykjavík er ekki orðinn mikill nú á dögum, þegar rentur, leiga, fólkshald og allur kostnaður er dreginn frá, einkum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem ýmsir bæjarbúar, og jafnvel bæjarstjórnin sjálf, fara fram hjá kaupmönnum og gjaldendum bæjarins, og panta vörur sínar í öðrum kauptúnum.

Jafnvel þótt ekki væri ástæðulaust að fara fram á lækkun á hinu afarháu aukaútsvari, sem við feðgar borgum af verzlun okkar, ætli jeg þó ekki að fara þess á leit að sinni. Tilgangur brjefsins er aðeins sá, að komast í veg fyrir, að tvöfalt aukaútsvar verði lagt á mig, fyrst sem meðeiganda verzlunarinnar og þvínæst sem privatmann. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur lög eða sanngirni geti heimilað það, að tvöfalt aukaútsvar verði lagt á mann, eða að hann verði að borga yfir 10% af tekjum sínum í aukaútsvar.

Til þess enn ýtarlegar að sýna fram á, að þessi skoðun mín er rjett, leyfi jeg mjer að tilfæra dæmi, þar sem mjög líkt mundi standa á, eins og hjá mjer. – Hugsum okkur, að Eyþór Felixson hefði gert son sinn að meðeiganda að verzlun sinni, en að sonur þessi væri ekki búsettur hjer í bænum. Mundi þá hin háttvirta nefnd, fyrst geta jafnað niður útsvar á Eyþórsverzlun og þvínæst á Eyþór sjálfan? Eflaust nei! En þá virðist mjer heldur ekki vera rjett að jafna niður útsvar, fyrst á Thomsens verzlun, og þvínæst á mig sem annan eiganda hennar, og vona jeg því, að hin háttvirta nefnd taki þessa bendingu mína til greina, að því leyti sem frekast er unnt.

Virðingarfyllst
D. Thomsen.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 28. okt. 1898

hinn 15 mai i vor, fór
jeg til Arnarfjardar að
leita mjer atvinnu sem
að undanförnu, en lagð-
ist veikur á leiðinni og
lá framundir slátt, en
batnaði svo aptur að jeg
gat einungis borgað kosn-
að minn og fargjald heim
aptur, hefi jeg því alveg
tapað atvinnu á liðnu
sumri og er því, með barni
í ómegð, að öllu leiti á fram-
færi hjá Geir syni minum
vil jeg því biðja hina heiðr-
uðu niðurjöfnunarnefnd
að taka það til greina nú
við þá í höndfarandi út-
svara niðurjöfnun og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gefa mig frían við álagi
í þeirri grein, með því
það virðist ekki vera
nema 1. gjaldliður sem
lagt verður á n. l. Geir
son minn, eptir þeim
á stöðum sem nú hef
jeg tilfært.

Virðingarfylls
Sigurðr Jónsson
fyr Ártúnum

Til Niðurjöfnunar nefndar
innar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 2. okt. 1898

Herra yfirdómari Kristján Jónsson!

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, sem formanni niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavíkurbæ, að jeg flyt hjeðan úr bænum á morgun 3. þ. m. alfarið til Keflavíkur.

Virðingarfyllst!
yðar

Einar Sigurðsson
verslunarmaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd Rvík

Í bréfi d.s. 10 Januar '98 tilkynnir formaður niðurjöfnunarnefndarinnar mér það, að hún (nefndin) efist um að eg fari með rétt mál í kæru minni yfir auka útsvari því, er áðurgreind nefnd lagði á mig í haust er leið. Til að útrýma þessum efa, legg eg hér fram reikning frá gjaldkera sveitarfélags þess er eg taldi mig eiga lögheimili í til 14. mai síðast liðins — sem sýnir að eg hefi goldið mín skyldugjöld afdráttarlaust. Er eg þess fullviss, að það er ekki áform nefndarinnar að láta einstöku menn borga tvöfallt, heldur hitt, að sjá um, að enginn komist hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að fullnægja þessum gjaldlið.

Og næsta ár, verður það ekkert vafamál hvað mig snertir, þar eð eg hefi nú fast heimili hér í bænum.

Reykjavík 21. Maí 1898

Virðingarfyllst

Baldur Benediktsson

/. Tvö skjöl fylgja

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 47.

Hr. Baldur Benidiktsson

prentari

á að greiða í bæjarsjóð árið 1898

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| 1. Aukaútsvar . . . . . . . . . . . | 12 | " |
| 2. Gjald af byggðri lóð . . . . . . . | | |
| 3. — — óbyggðri lóð . . . . . . | | |
| 4. Lausafjártíund . . . . . . . . . | | |
| 5. Fasteignartíund . . . . . . . . . | | |
| Samtals | 12 | " |

2. jan. n. á. greiðist kr.: 6. "

1. júlí n. á. greiðist kr.: 6. "

*Reykjavík* 24. desbr 1897

Thjebmann [?]
bæjargjaldkeri.

Borgað:

Borgað:

Með Þökkum 8. Januar 1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

til Baldurs Benediktssonar:

Gjöld:

1. Útsvar til Borgarhrepps Kr. 2,00
(tek ég undir sjálfum mér sem gjaldkeri sveitarinnar)
2. Til aukavega næsta vor 1.25
3. Sönggjald . . . . 0.35
4. Styrktarsjóðsgjald 1898 1.00
(Það er enn óafgjört hvort þér beri að borga það eða ekki, - ég er ekki viss um að þér standið réttilega á þeirri gjaldskrá)
5. Fyrir heimilisfang 5.00

Samtals Kr. 9,60

Þessa upphæð dreg ég frá þeim kaupslyfum sem þú átt inni hjá mér frá f.á.

Borg 28. marz 1898

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

Meðt. 28/6. 98.

*Reykjavík* 27. *d.* júní *mán. 189*8.

Síðan 20. október f. á. hafa eptirtaldir menn fengið aðsetur og atvinnuleyfi hjer í bænum:

I. Borgarabrjef

Samúel Ólafsson söðlasmiður

Rafn Sigurðsson skósmiður

Ólafur Sveinsson gullsmiður

Gunnar Gunnarsson, verzl. m. Vesturg. 46.

Árni Einarsson —"—

Einar Finnsson vegfræðingur

Jón Eyjólfsson, Ánanaustum

Þórður Guðmundsson, Vesturgötu 10.

II. Sveinsbrjef

M. V. Bjering, skósmiður

Matthías M. Ólafsson, trjesmiður

Ásgeir Sveinsson, skósmiður

Helgi Magnússon, járnsmiður

Guðjón Jónsson, —"—

III. Skipstjóraskírteini

Jafet Sigurðsson, skipstjóri

Jóhannes Guðmundsson —"—

Árni Kr. Magnússon —"—

Steingr. Steingrímsson —"—

Árni Hannesson —"—

Hermann Finnsson —"—

Magnús Jóhannsson —"—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Lausamannsleyfi

+Ólafur Árnason, Klapparstíg 2
+Sveinbjörn Sveinsson af Álftanesi
+Þorsteinn Þorleifsson úr Hafnarfirði
+Ólafur Jónatansson Reykjavík
+Oddbjörg Guðlaugsdóttir, Bankastræti 7.
+Guðmundur Gíslason, Austurstræti 5.
+Kristín Hjálmarsdóttir Laugaveg 42
+Sigríður Steinmóðsdóttir, Vesturgötu 23.
+Þuríður Hannesdóttir, Mjóstræti 8.
+Rósa Guðmundsdóttir, Tjarnargötu
+Guðrún Jónsdóttir
+Margrjet Klemensdóttir, Skólastræti 5.
+Brynjólfur Grímsson, Laugaveg 35.
+Lýður Þórðarson, Garðbæ
+Jón Ingólfsson, Steinum
+Gísli Gíslason, Vorhúsum
+Ingibjörg Jónsdóttir, Stóragerði
+Þorlákur Oddsson, Miðdal
+Þorvarður Magnússon, hjá Gunnari Einarssyni
+Sigríður Jónsdóttir frá Hafnarfirði
+Kristófer Magnússon í Bakkakoti, Seltjarnarnesi
+Eiríkur Guðmundsson, úr Hafnarfirði
+Guðjón Jónsson, hjá Sigurf. Árnasyni, Bergst. stræti
+Bjarni Magnússon, hjá Otta Guðmundssyni

V. Húsmennskuleyfi

+Símon Jónsson, Laugaveg 19
+Árni Árnason frá Hvaleyri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Sigurðsson frá Blómsturvöllum
Kristján Friðrik Sigmundsson frá Oddi
Jón Jónsson frá Bollagarðakoti
" Hallsson í Hvassahrauni
Hallgrímur Eiríksson frá Fagurhól
Daníel Guðmundsson Klapparstíg
Benidikt Jóhannesson frá Hrauni
Sveinbjörn Jónsson frá Presthúsum
Jón Þorsteinsson frá Norðurkoti
Loptur Þorsteinsson frá Krossi í Ölvesi
Pjetur Arnólfsson frá Hvassahrauni
Sigurður Sæmundsson frá Grund í Garði
Guðjón Eiríksson frá Elliðavatni
Helgi Guðmundsson í Brekku í Vogum
Lárus Pálsson í Sjónarhól
Guðm. Einarsson í Merkinesi
" Sigurðsson í Úlfarsfelli
Guðjón Jónsson í Miðlaholtshelli
Gísli Gíslason í Lambastöðum í Garði
Árni Pálsson í Dysjum
Sigurður Jónsson í Höskuldarkoti
Þorsteinn Bjarnason í Melstað
Jón Guðmundsson frá Reykjum í Lundarreykjadal
Pálmi Sigurðsson Reykjavík
Páll Einarsson frá Hvassahrauni
Helgi Jónsson í Uppsölum
Sveinn Grímsson í Landakoti á Álftanesi
Þorst. Jónsson í Keflavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ Guðm. Sigurðsson frá Bartakoti
+ Jón Þorsteinsson – Velli
+ – Felixson frá Keflavík
+ Magnús Guðnason – –
+ Guðni Egilsson Rauðsgjá
+ Árni Halldórsson Móakoti í Garðahreppi
+ Sigurður Benidiktsson, Gerði
+ Þórður Erlendsson frá Melshúsum í Álptanesi
+ Jón Hafliðason frá Birnustöðum í Skeiðum
+ Stefán Daníelsson, Kirkjuvogi
+ Guðsteinn Einarsson frá Mosfelli í Grímsnesi
+ Guðm. Hansson – Keflavík
+ Vilhjálmur Guðmundsson – Knútsborg (frá næsta hausti)
+ Kristinn Guðmundsson – Miðengi
+ Tómás Gunnarsson – Apavatni
+ Jón Guðmundsson – Bessastöðum
+ Sigurður Jónsson – Deildarkoti í Álptanesi
+ Snæbjörn Eysteinsson frá Tungu í Grafningi
+ Eiríkur Sigurðsson – s. st.
+ Björn Guðnason frá Hólmabúð
+ Þórunn Jónsdóttir, Garðbæ í Vogum
– Ari Arason frá Klausturhólakoti
+ Gunnlaug Gunnlaugsdóttir, ~~Lindargötu~~ 2
+ Gísli Pjetursson frá Móhúsum [illegible] í Hraunprýði
Steinunn Guðmundsdóttir Laugaveg 40.
+ Gunnlaugur Ólafsson frá Selfossi
+ Jón Þorsteinsson frá Heiðarbæ í Þingv. sveit
+ – Gunnlaugsson – Gröf í Mosfellssveit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ + Jón Þórðarson frá Eyvindarstöðum.
\+ Halldór Högnason í Skálholtskoti
\+ + Kristinn Egilsson, Skólavörðustíg
\+ + Jón Ásmundsson frá Ósi í Skilmannahreppi m. 2. og 31.
\+ + Bjarni Kristjánsson verzl. maður hjá Sturla
\+ + Finnbogi Árnason frá Reykjum
\+ + Sigurður Einarsson frá Hömrum
\+ + Þorsteinn Þorgilsson á Eyrarbakka
\+ + Sigurður Pjetursson á Stafholti
– + Þórhildur Pálsdóttir á Gýjarhóli
\+ + Þórð. Páll Ísaksson frá Króki á Álftanesi
\+ + Einar Jónsson frá Eyvindarstaðakoti
\+ + Magnús Sigurðsson á Hildingsnesi

Þetta leyfi hefi jeg sent að tilhlýðan hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnunina þ. á. og um leið til athugunar handa [illegible]-leyfi þeirra manna, er fengið hafa tómthúsmannaleyfi í umræddu tímabili. — Brjef þessi bið jeg yður endursenda þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau. —

Halldór Daníelsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nº 1/1898. – 7/12. 98.

Lagt á hann 1897. 12,00
– 1898. 16,00

~~Stendur óbreytt~~

Mætti vinna á Austurvelli
Eda á háfor... ... H.

+ Í tilefni af því, að jeg sje á skrá yfir aukaútsvör í Reykjavík fyrir árið 1899, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast að leggja á mig 16. krónu útsvar og þarmeð hækka útsvar mitt um 6. krónur frá því er áður var, þá leyfi jeg mjer að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að lækka útsvar mitt, og því til sönnunar að útsvar mitt. ~~sje~~ þegar litið er á tekjurnar – sje ekki sem sanngjarnast (samanborið við auka útsvar og tekjur ýmissa annara bæjarbúa) þá skal jeg leyfa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer að taka hjer að eins örfá
dæmis horn;
1. Gísli Þorbjarnarson
hefir í tekjur ɔ: 350 – 400 krónur
fyrir vinnu sem daglaunamaður hjá
Ýmsum búnaðr. fjelögum
hann hefir 3 börn 1–6 ára
auka útsvar hans er 16 krónur.
2. Daníel Daníelsson Ljósmyndari
hefir í tekjur að því er jeg hefi
komist næst ɔ: 1000 krónur föst
laun. hann hefir 2 börn
auka útsvar hans er 15 krónur!
einni krónu minna en hjá G. Þ.
3. Þorvaldur Björnsson lögregluþjónn
hefir árslaun föst ɔ: 8–900 krónur
ómaga er mjer ekki kunnugt um
auka útsvar hans er 18 kr.
4. Þórður Þórðarson verslunarm.
hefir að sögn 6 8–900 krónur í
föst laun, hann á ekki börn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

utan 2 fulltíða dætur
auk þess útsvar hefir hann 12 krón.(!)
og lækka má nefna bátarann
5. Benidikt Jónsson
hann hefir í tekjur 700 krónur
föst laun, engan skyldu ómaga
auk þess útsvar hans er 18 krónur
Af þessu framanritaða,
vona jeg að hinni háttvirtu
niðurjöfnunarnefnd verði ljóst,
að sú krafa mín er sanngjörn,
að útsvar mitt verði lækkað
til muna, jafnvel þótt henni
fyndist ástæða til að hækka útsvar
hinna framantöldu, sem ákaft
má fullyrða, að allir hafa
helmingi meira gjaldþol en
jeg sjerstaklega þegar þess er gætt
hve hinar lágu tekjur mínar eru óvissar.
Jeg hygg að meiru hafi
ráðið ókunnugleiki en ósanngirni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd
hvað snertir útsvar mitt snertir, og
þess og einnig treisti jeg henni til
hins besta hvað snertir þessa
beiðni mína.

Reykjavík 5. Des. 1898
Virðingarfyllst
Gísli Þorbjarnarson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. bæjarfulltrúa Gísli Þorbjarnarson, Rvík.

Í Nefnd. Reykjavíkur, 25. jan. 1899.–

Með brjefi, dags. 5. desbr. f. á. hafið þjer, herra bæjarfulltrúi, kært yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í aðalskránni í nóvembermán., og sem var að upphæð 16 kr. – Þessa kæru yðar lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 11. þ. m., og ákvað hún því, að útsvarið skyldi standa óbreytt.–

+ þennan

Um leið og jeg tilkynni yður þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg geta þess, að ástæðurnar fyrir úrskurðinum eru aðallega þessar, að niðurjöfnunarupphæðin hafi hækkað að mjög miklum mun síðastl. ár (yfir 3000 kr.), að nefndin álíti yður hafa haft mjög góða atvinnu, og áleit þessvegna að því sjálfsagt að bera tiltölulegan hluta af kostnaðinum.–

+ öll

+ því báðir

+ árið sem leið,
+ að hún

Þar sem þjer segið útsvar yðar hækkað um 6 kr. frá f. á., þá er það ekki rjett, því að þá var útsvar yðar 12 kr., og er hækkunin því ekki meiri en 4 kr.–

(o: 1897)

No. 1/1898.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

= 1898. — 20,00. — № 2/1898. ~ 8/12. 98.

= 1897. — 20,00. —

~~Sama gjald nú og í fyrra~~ Lækkað um 2 kr.

Eftir það að jeg hafði athugað hyna nýju niðurjöfnunar skrá fírir árið næst komandi þá fanst mjer ekki jöfnuðurinn góð nú kemur og jeg hafði vonað eftir og skal jeg leifa mjer að nefna hjer nokkra skipstjóra sem allir eru efnahlípir menn þorsteinn Egilsson á Gothúsum með 12 kr Magnús Jónsson á Bakka með 16 kr Steingrímur Steingrímsson Sölhól 16 kr allir þessir menn eru með fullri von um sömu atvinnu framvegis og hafa fast starf hjá lánar drottnum synum á milli vertíða. þá má nefna Stefán Pálsson hann á að greiða 25 kr hefur 1. ómaga og alveg fasta þjenustu allann árs hringinn. þegar þessir með kringumstæðum synum eru bornir samann við mig og stöðu mína þá er hún ólík þar sem jeg er svíftur atvinnunni framvegis og hef þar á ofann fjóra ómaga fírir að sjá og aungann vissann starfa að rekja. það er ósk mín að nefndinn viti þessa nánara eftir lit og annað hvort lækki á mjer eða hækki á hynum ef það þikir betur viðeiga.

Jeg vona að þittuð verði því góðara sem það ofann skrifaða er betur skoðað

Steinsbæ 7 Desbr 1898
Tómas Jónsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarynnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Tómas Jónsson á
[illegible]
Rvík.

13 Nfnd. Rv., 28. Jan., 1898.

Kæru yðar yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gjörði yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að lækka skyldi útsvarið um 2 kr., eða úr 20 kr. ofan í 18 kr., með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer hafið frá skýrt í brjefi yðar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjer til leiðbeiningar.

No 2/1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. 10 kr.
Lækkað um 2 Kr.—

Nr 3/1 1898. – 8/12 98.

Þar eð hinni heiðruðu niður-
+ jöfnunarnefnd í Reykjavík
hefir þóknast að leggja á mig
4 kr. í auka útsvar við síðustu niður-
-jöfnun, hlítur henni að vera
ókunnugt um ástæður mínar;
vil jeg því leifa mjer að skýra þær
dálítið fyrir hinni háttvirtu nefnd.
1. Jeg á engar eigur, get því ekki átt
að gjalda af fje.
2. Fyrir elli og heilsubrest get jeg ekki
unnið mjer fyrir daglegu brauði og
hefi enga vinnumanneskju, get
því ekki átt að gjalda af vinnu.
Jeg hefi fleiri ár ekki haft annað
en það, sem börnin mín hafa
miðlað mjer en það barnið mitt
sem mest hefir hjálpað mjer, og
hefir hingað til borgað þau gjöld,
sem á mig hafa verið lögð (Guðjón)
á ekki heima hjer á landi, og því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki vantanlegur til að borga þetta
gjald.
Jeg fæ því ekki ~~betur~~ sjeð en
þetta gjald sje ranglega á mig lagt
og krefst að verða undan þegin
að borga þessar nefndu 4 kr.
því jeg gæti frekar skoðast ómagi
barna minna, en gjaldandi

Reykjavik 7 desember 1898
Virðingarfyllst
Þuríður Þörundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1898. 10 kr. Stendur óbreytt 20/4 1898. 9/12. 98

1897 E. 9. S.

~~Eftir að hafa~~ skoðað niður jafnaðarskrána fyrir árið 1899 þá vil ég leifa mjer að óska upplísingar á því hverrnig samngjart getur verið að hækka útsvar mitt árlega mér hafa bæst ómagar á þíma bilanum en ekki fækkad Að sönnu dó barn hjá mjer í sumar og þá vóru hin öll meira og minna veik Svo jeg vona að ~~nefndinni~~ nemdinni finni fremur ástæðu til að létta á mér en þinga undir þessum kringum stæðum þar sem við erum ekki nema tvö hjónin að vinna fyrir 3 börnum og lasna við hinar þungu leifar eftir veikindinn frá sumrinu Jeg vil nefna til dæmis Guðmund Guðmundsson á Kröggólfsstöðum þar sem hann hefur 2 vinnu hjú og 2 börn og því þriðja mun hann leggja til lítinn skerf og á hann eru lagðar 6 kr en á mig 10 kr þetta finst mér ekki nákvæmlega jafnaður Sama er að segja um Jens Björnsson í Fjelagshúsi hann hefur eitt stálpað barn og ef hans ástæður eru bornar saman við mína ástæður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það heldur ekki verið nákvæmt á hann
eru lagðar 8 kr líka mætti nefna Jón
Guðmundsson í Haust húsum með einn
dreing sem vinnur fyrir kaupi á sumrinn hann
á líka að borga 8 kr Fleir mætti telja en
jeg læt mer þessa nægja og vona um leið
að nemdinni finnist ástæða til að færa útsvar
mitt niður eða þá skinna upp ef það
sinist vera rjettara
Hausbæ 7 Desember 1898
Árni Árnason

Til
Niðurjöfnunar nemdarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Árna Árnasonar,
Hausth.

Nfd. Rvíkur, 26. Jan. 1898.

Kæru Yðar, dags: 7. f. m:, yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin gjörði Yður í síðastl. nóvembermánuði lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra Yðar yrði eigi tekin til greina.—
Ástæðan er þessi, að gjöld bæjarins hafa hækkað að mjög miklum mun, þannig að nefndin varð nú að jafna niður um 3200 kr. hærri ~~upphæð~~ upphæð en næsta ár á undan. Þessi hækkun hlýtur að koma niður á gjaldþegnum bæjarins. Nefndin álítur að þjer getið borið tiltölulegan hluta af hækkuninni, og þessvegna verður gjald Yðar nú sett 1 kr. hærra en haustið 1897.—
Þetta hefi jeg umboð til að tilkynna Yður.—

No 4/1898.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4 Lækkað um 3 kr. No 5/1898. 10/12. 98.

Jeg undirritaður leyfi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að hún hlutist til um, að aukaútsvar mitt, 15. kr – fimmtán krónur – verði fært niður að einhverju leyti –

Ástæða fyrir þessari beiðni minni er sú að jeg var veikur tvo mánuði síðastliðið sumar og gat þar eig: unnið, að jeg ekki minnist á þann kostnað, sem veikindi mín höfðu í för með sjer í ókunnu byggðarlagi. —

Jeg tel það víst að hinni heiðraðu niðurjöfnunarnefnd hafi ekkje verið kunnugt ástæðu tjón mitt er hún gjörði mjer svona lagað aukaútsvar. —

Eftir að hafa fengið þessar upplýsingar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vona jeg að hin heiðraða niður-
jöfnunar nefnd gjeri sitt rjettast og
sannast í þessu efni.

Reykjavík 9/12–98
Virðingarfyllst

Jón Einarsson
(frá Kleppi)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Einarsson (frá Kleppi),
Reykjavík.

N. Jsl. Bæjarf.; 25. jan., 1899.

Út af umsókn yðar, dags. 9. f. m.,
lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina
á fundi hennar í dag 11. þ. m., og úr-
skurðaði hún þá að því sem viðvíkja
yðar [illegible] skyldi lækka út-
svar yðar um 3 kr., eða úr 15 kr.,
niður í 12 kr. —

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð
fyrir hönd nefndarinnar. —

No. 5/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897-15,00.

Til 1898,-15,00 No 6/1898. — 12/12 98.

Niðurjöfnunar nefndarinnar í Reykja-
víkur Kaupstað:

Þar eð jeg finn mig ekki færan til,
að borga hátt útsvar til sveitar-
sjóðs, þá knýr jeg mig til að opinberast
fyrir hinni Heiðruðu niðurjöfnunar
nefnd Reykjavíkur Kaupstaðar, þar
hún í þettað skipti hefur lokið starfa
sínum, það er það fyrsta að jeg er eigna
lítill maður, og hef liðið mjög mikið
heilsuleysi, og þar af leiðandi atvinnu
tap þettað ár, og þá átti jeg ekki aðra
framtíð á bakarið eina en skuldir
þegar jeg byrjaði að vinna verku eptir
Hvítasunnu í vor, og svo í sumar
um mitt sumarið í [illegible] sem jeg
lítið gjörði, svo það er aðallega það
sem jeg hef unnið mjer eptir þann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tíma sem jeg hefi haft eða átti að hafa til að fæða og klæða 4 menn, og borga skuldir. svo afgángurinn af litlum launum getur ekki orðið stór summa svo ekkert nema atvinnu leisi það á eptir, svo það virðist ekki siður úr vegi að leggja á þá menn sem gánga að staðugri atvinnu árið um kríng að þeir hefðu dálitið hærra út svar en jeg og mínir líkar Carl Bjarnason hjá Finnbogasini, Jón Arnason hjá Brydi, og Herra Niðurjöfnunar maður G. Guðmundsson á Vegamótum sem er ómaga laus maður, sem hefur mann við verzlun og inn tekta maður fyrir húslán mánaðarlega og fleira, svo er Guðmundur Gissursson ómaga laus með búsetuástæður um fyr austur á sjyndi og hefur 100 krónur

um hvern mánuð sem hann er þar, og svo. Guðmundur Guðmundsson á Kröikkólfsstöðum sem hefur haft vist 1 kir og góða atvinnu í sumar og svoeru margir fleiri ef þörf gerist

Með virðingu

Melnum 11/12 1898

Hannes Erlendsson

Til. Niðurjöfnunar nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Hannesar Erlendssonar,
á Melnum
við Reykjavík.

N. Jt. Búðum, 25. Jan. 1899. –

Útsvarskæru yðar, dags. 11. f. mán., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að eigi skyldi taka kæru yðar til greina, og að útsvarið, 15 kr., skyldi standa óbreytt. –

Um leið og jeg tilkynni yður þetta fyrir hönd nefndarinnar, skal jeg geta þess, að ástæður hennar fyrir úrskurðinum voru aðallega þær, __að__ aðalupphæð útsvaranna í bænum var nærri nákvæmlega hin sama og í fyrra (eða um 3200 kr.), __að__ þessvegna væri yfirleitt að ~~[illegible]~~ hækka útsvör bæjarbúa, __að__ þjer hefðuð haft verulega góða atvinnu síðastliðið ár, og __að__ nefndin hefði tekið verulegt tillit til veikinda yðar síðastliðið ~~vor~~ ár að því leyti að hún eigi hækkaði útsvar yðar frá því sem það var áður ~~1897~~ næst á undan, en það mundi án efa að öðrum kosti hafa verið gjört. –

No. 6/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. 14.00 -
1898. 15.00.

No 7/1898. – 12/12. 98. –

~~Hendum við sama~~

Af niðurjöfnunarskrá þeirri sem nú er lögð fram yfir aukaútsvör bæjarmanna sé jeg, að hin heiðraða niðurjöfnarnefnd Reykjavíkur hefur jafnað á mig 15 Kr., og jeg eigi sjeð ástæður nefndarinnar fyrir því að leggja á mig svo hátt gjald, hvort sem jeg lít á ástæður mínar útaf fyrir sig, eða á gjald ýmsra annara bæjarmanna. Sjálfur á jeg hjer um bil engar eigur, og ekkert annað við að styðjast en það sem jeg get áunnið mjer með daglegri vinnu; en jeg hef þó að sjá fyrir foreldrum mínum, efnalausum, gömlum og förnum að heilsu, sem því ekkert hafa fyrir sig að leggja annað en það sem jeg get látið þeim í tje. Þegar jeg á hinn bóginn ber gjald mitt saman við gjald ýmsra annara manna sem eru einhleypir eins og jeg, en hafa fast laun og hafa fyrir engum að sjá, nema sjálfum sér, þá fæ jeg með engu móti sjeð að nokkur

um 30-40 kr. borgið með þeim. Kl J. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jöfnudur sje á gjaldi mínu og þeirra, og skal jeg nefna til Carl Hemmert sem munu hafa í laun um 900 kr., en gjald hans er þó einungis 10 kr. Eins er með Leif Þorleifsson bókhaldara sem jeg ætla að hafi lík laun og hinn en gjald hans er einungis 12 kr. Jeg gæti nefnt fleiri sem líkt er ástatt fyrir, en sem þó er lagt minna gjald á en mig; þegar jeg lít á þetta, get jeg með engu móti sjeð að 15 kr. sje sanngjarnt gjald á mjer til bæjarins í samanburði við gjald annara; jeg vonast til að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd sjái það líka. Jeg leyfi mjer því að beiðast þessað hin heiðraða nefnd lækki gjald mitt talsvert nú þegar, að minnsta kosti niður í 8 kr.

Litlaseli Reykjavík 12 desemb. 98.

Björn Hieronymusarson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Birni Hieronýmussyni á Litla-
seli.

Niðurj.: Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Útsvarskæru yðar, dags. 12. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að kæra yðar yrði ekki tekin til greina, og að útsvarsupphæðin, 15 kr., skyldi standa óhögguð.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að ástæðan hennar fyrir úrskurði þessum var aðallega sú, að gjöld til bæjarþarfa hafa aukizt að mjög miklum mun síðastliðið ár, að hún telur yður fær um nokkra gjaldhækkun, að gjaldhækkun yðar þó eigi var gjörð meiri en 1 kr., þar sem yður var gjört 14 kr. útsvar árið 1897, og að nefndin þykist vita það, að þyngra ~~lagst~~ lagt eigi meira en 30–40 kr. á hafið árlega með foreldrum yðar. –

No 7/1898 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Obr.~~ Gjöld 18 m. kr. No 8/1898. – 12/12. 98. –

Vegna þess að mjer finnst að aukaútsvar það, sem á mig hefir verið lagt fyrir þetta yfirstandandi og næstkomandi ár, sje eptir efnum mínum og ástæðum of hátt í samanburði við marga aðra gjaldendur bæjarins, leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún færi gjald það, sem nú er á mig fyrir næstkomandi ár úr 18 krónum niður í 12–14 krónur.

Sem ástæður fyrir þessari beiðni minni leyfi jeg mjer að taka fram, að hin heiðraða nefnd hafði á síðastliðnu sumri lagt á mig 10 kr aukaútsvar fyrir ½ yfirstandandi ár. En jeg kom eigi hingað til Reykjavíkur fyr en í byrjun síðastliðins októbermánaðar, og hefi því eigi haft aðsetur nje átt heimili hjer í bænum nema að eins 3 mánuði af þessu ári. Jeg vissi eigi fyr en jeg kom hingað í haust að þessar 10 krónur hefðu verið á mig lagðar, en jeg borgaði samt þetta gjald tafarlaust til bæjargjaldkerans. En jeg óska að hin heiðraða nefnd taki það samt til greina, sem ástæðu fyrir því, að færa að nokkru niður ofannefnt aukaútsvar mitt fyrir næstkomandi ár. Auk þess skal jeg geta þess, að jeg á síðastliðnu sumri varð fyrir talsverðum atvinnumissir, vegna þess að jeg lá tvisvar sinnum veikur, fyrst í vor í 4 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minn í vinnulaunamissi, legukostnaði og meðulum, rúmar
30 krónur. Ennfremur skal jeg geta þess, að eigur þær, sem
jeg í umsóknarbrjefi mínu um tómthúsmannsleyfi í Reykja
vík hefi skýrt frá að jeg ætti, eru eigi nema 450 króna virði,
því jeg er enn ógiptur, en eigur þær, sem jeg í sama brjefi gat um
að unnusta mín ætti, munu tæplega geta talizt gjaldskyldar
til bæjarsjóðs, því þær eru enn alls eigi mín eign.

Loks skal jeg til samanburðar geta þess, að á niðurjöfn-
unarskránni stendur að lögregluþjónn Þorvaldur Björnsson
eigi að greiða 18 krónur í aukaútsvar, eins og jeg, en hann
hefir föst laun, útborguð í peningum, miklu hærri en mín
óvissu vinnulaun geta orðið, og því finnst mjer að sanngjarnt
sje að aukaútsvar mitt sje talsvert lægra en hans. —
Kaupmaður Jón Eyjólfsson á að greiða 25 krónur í aukaútsvar.
Mjer er sagt að hann eigi 2 húseignir hjer í bænum, hafi talsverða
verzlun, sem víst gefur af sjer miklu meiri arð en vinnulaunum
mínum nemur. Finnst mjer því að mjer eigi geti borið að
greiða meira en 1/2 aukaútsvarsgjald gagnvart honum.

Jeg gæti talið marga fleiri gjaldendur, sem mjer finnst
að eptir efnum sínum og ástæðum hafi tiltölulega lægra
útsvar en jeg, en læt mjer nægja það, er jeg nú hefi bent á,
og leyfi mjer að vænta að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd
eptir framangreindum ástæðum færi aukaútsvar mitt fyrir
næstkomandi ár niður í 12–14 krónur, og að hún álíti
það vera sanngjarnt og hæfilegt.

Litla-Steinsholti í Reykjavík, 9. desember 1898.

Virðingarfyllst

Guðjón Eiríksson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðjón Eiríksson
á Litla Steinsholti.

Afgr. Rvíkur; 25. Jan., 1899.

Út af umkvörtunarskjali yðar, dags. 9. desbr. f. á., lagði jeg það fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að útsvar yðar fyrir yfirstandandi ár, sem ákveðið var af nefndinni í síðastl. nóvembermán. 18 kr., skyldi standa óhaggað, og að kæra yðar yrði ekki tekin til greina. –

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirmælum nefndarinnar, skal jeg geta þess, að úrskurður nefndarinnar styðst aðallega við yðar eigin framtal á eignum yðar og lýsingu á hag yðar yfir höfuð, sem þjer skriflega hafið gefið bæjarfógetanum, ~~þegar~~ þá er þjer sóttuð um og fenguð aðsetursleyfi í bænum. –

2 yðar eigin

No 8/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] - Kr 4 [illegible] № 9/1898. - 12/12. 98.

Á síðastliðnu sumri hafði hin háttvirta Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagt á mig 15 krónur í aukaútsvar fyrir hálft yfirstandandi ár, en jeg gat ekki flutt mig búferlum hingað til Reykjavíkur fyrr en í miðjum septembermánuði, vegna þess jeg hafði jörð til ábúðar á Álptanesi. Í haust þegar jeg kom hingað fjekk jeg gjaldseðil upp á ofannefndar 15 kr., og borgaði jeg þær þá þegar til bæjargjaldkerans. En síðar varð jeg þess var að hreppsnefnd Álptaneshrepps hefði jafnað á mig aukaútsvarsgjaldi til sveitarsjóðs fyrir tímabilið frá fardögum fram að miðjum september, eða þangað til jeg flutti búferlum frá Álptanesi til Reykjavíkur; mun hreppsnefndin þótzt hafa til þess fulla lagaheimild. En á þennan hátt er mjer gjört að greiða aukaútsvar í tveimur sveitarfjelögum, Álptanesi og Reykjavík, á tímabilinu fardögum til miðs septembermánaðar, en til þess held jeg varla að jeg muni vera skyldur að lögum. Reyndar veit jeg að hinni háttvirtu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunarnefnd muni hafa verið ókunn-
ugt um þegar hún lagði á mig framangreint
15 króna aukaútsvar, að jeg ekki flytti til
Reykjavíkur fyrr en í miðjum síðastliðnum
septembermánuði, og að því leyti sje það ekki
hennar sök, að aukaútsvar er þannig á mig
lagt á tveimur stöðum á sama tímabili. –
Nú hefir hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd
lagt á mig 28 króna aukaútsvar fyrir nálkom-
andi ár. – Í tilefni af framangreindum
ástæðum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara
þess á leit við hina háttvirtu nefnd, að hún
þá felli aukaútsvar mitt niður um 7–8
krónur, eða ~~sem~~ svari aukaútsvarsgjaldi fyrir tíma-
bilið frá síðastliðnum vordögum til miðs
septembermánaðar að jeg flutti til Reykjavíkur búferl-
um, og mjer er útsvar gjört á Álptanesi.

Grímsstaðaholti í Reykjavík, 12. desember 1898.

Virðingarfyllst.
Jón Tómasson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jóni Tómasyni frá Eyvindarstöðum,
Grímsstaðaholti, Rvík.

Afgr. Rv. 25. Jan. 1899.

Aukaútsvarskæru yðar, dags. 12. desbr. f. á., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer hafið skýrt frá, að lækka útsvar það, sem yður var gjört í síðastl. nóvembermán., um 4 kr., eða úr 28 kr. ofan í 24 kr. —

Þetta tilkynnist yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar.

No 9/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til ~~Niðurjöfnunar~~nefndarinnar  25/10. 1898  28/10. 1898.  **Óbreytt.**  No 10/1898. – 13/12.98 –

Frá Jóni og Steingrími á Sölvhóli.

Reykjavik þann 12. des. 1898

Þar ed jeg hefi athugad þetta aukautsvar mitt
sem nefndin hefur lagt á mig þetta ár, og sem er
ad upphæd 25 + 16. Kr. og jeg eptir ekkar áliti finn
mig knúdan til ad borga ef jeg get, enn þar sem
jeg er á hallandi fæti og er enganveginn fær um
ad ganga til allra verka sökum veikinda, þá finnst
mjer þad vera of mikid gjald á mig, eptir því
sem lagt er á herra Sigurd Þórdarson í Steinhúsi sem
hefur 2. vinnumenn og annar var styrimadur árid sem
leid á Þilskipi og hinn var á þilskipi líka, á þennan
mann eru lagdar 20. Kr. en þad er nú kanski af því
ad þeir eru vid nám, enn ekki hafi verid gjört tillit
á mjer þegar sonur minn var vid nám, því þad var
þá hækkad á mjer um 7. Kr. enn lækkad á Sigurdi um 5. Kr.

Enn fremur ætla jeg ad minnast á herr. Þórd
Pjetursson sem hefur 22. Kr. í aukautsvar og hefur 2. vinnu-
menn. enn jeg hef líka 2. og þad er lagt á annan 16. Kr.
sem er ad ofan skráð, og mjer finnst ekki vera rjett þó
hann hafi verid skipstjóri þetta ár. þar sem hann er
reglulegur vinnumadur minn og ekki er venja ad leggja
á vinnumenn hjer, og er nú vid nám vid seglasaum og verd
jeg ad borga fleiri Kr. fyrir námid

Steingrímur Jónsson

Sölfhól

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Steingrími Jónssyni
á Sólh.

Nefnd. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Aukaútsvarskæru yðar, dags. 12. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að útsvar það sem hún gjörði yður í síðastl. nóvembermán., að upphæð 25 kr., skuli standa óbreytt.

Ástæða nefndarinnar er sú, að útgjöld til bæjargjalda fara stórum hækkandi; hagur yðar á hinn bóginn fer að minnsta kosti ekki versnandi, og þykir henni því eigi tiltækilegt að lækka gjaldið frá því sem það var ~~í hitt ið fyrra~~ ~~(1897)~~ næstundanfarandi ár, en þá var það 25 kr. – Að öðru leyti þykir nefndinni gjaldið eigi ofhátt hvernig sem á er litið, eftir hag yðar og þörfum bæjarfjelagsins. —

No 10/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vorið 1898, 8. no.

nd. 1988. 16 no.

№ 11/1898. — 13/12. 98 —

Óbreytt

Af niðurjöfnunarskrá, Reykjavíkur yfir aukaútsvör, bæarins, næsta ár. hefi jeg sjeð, að jeg á að svara 16 kr í aukaútsvar. (og áður í sumar 8 kr.)

Þegar jeg ber mig saman við tómthúsbændurnar Jón Jónsson í skipholti með 8 kr Jón Hannesarsoni Austurkoti með 10 kr og Jón Jónsson í Skólabænum með 6 kr og ~~Jónas Gottsveins~~ Jónas Gottsveinsson á Melstað með 15 kr finst mjer mitt útsvar langt of hátt 16 kr. Um ástæður mínar er það satt að segja jeg hefi 5 mans í heimili þar af 3 börn 16 ára 9 ára 5 ára. Eignir þær er jeg mun hafa talið fram í vor er jeg sókti um bæarbyji seldust ekki fyrir hálf virði og kvíildis kýrin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á jörðinni. Velli er jeg bjó síðast á, varð jeg að bæta uppi í haust með, 50 krónum.

Af framangreindum ástæðum bið jeg hina heiðruðu niðurjöfnunar nefnd að lækka útsvar, mitt að minsta kosti um 8 krónur.

Virðingarfyllst

Bráðræði 10 Desembr 1898

Jón Tómasson fra Velli

Til

Niðurjöfnunar nendarinnar

í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Tómasson,
Bráðræði
(frá Velli).

Njfn. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

2 aðrar

Útaf útsvarskæru yðar, dags. 10. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að útsvar það, sem nefndin gjörði yður í síðastl. nóvembermán. fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 16 kr., skuli standa óbreytt, og að kæra yðar verði eigi tekin til greina.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, skal jeg geta þess, að nefndin byggir úrskurð sinn á yðar eigin skýrslu um fjárhag yðar og ~~ástæður~~ kringumstæður, sem þjer í vor er leið gáfuð í bréfi því, er þjer senduð bæjarfógetanum, þá er þjer sóttuð um bæjarleyfi. — Skýrsla sú var því lögð, að nefndin áleit, að þjer ættuð að minnsta kosti að greiða þó hátt gjald, sem yður hefir verið gjört, þótt peningar yðar fyrir austan hafi eigi selzt eins vel og þjer ættuð von á, og þótt þjer hefðuð orðið að greiða álag, sem þjer eigi bjuggust við. —

No 11/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897, 20, ae. óbreytt. No 12/1898. – 13/12. 98.
1898/25, ae

~~Skrá~~ yfir aukaútsvör hjer í bæ fyrir árið 1899 hef eg sjeð og er í henni áætlað að eg borgi 25 krónur í útsvar næstkomandi ár og er það 5 krónum meira en í fyrra þetta útsvar þyki mjer langt of hátt og sjerstaklega þegar eg tek til samanburðar aðra, sem jeg ætla að leyfa mjer að nefna.

Guðmundur Böðvarsson spítalaráðsmaður er aðeins gjörð að borga 30 krónur í útsvar sem hefur 1500 krónur í árslaun auk þess hefur hann frýjan bústað ljós og eldivið, svo laun hans verða að þessu meðtöldu nálægt 1900 krónur um árið.

Magnús Einarsson dýralæknir hefur einungis 30 krónur í útsvar, hann mun samt hafa í árslaun 1200 krónur og þar fyrir utan talsvert fyrir læknisferðir sínar að gjöra mætti ráð fyrir 300 krónum á ári, svo árslaun hans yrðu í allt 1500 krónur

Guðmundur Guðmundsson Vegamótum hefur aðeins 20 krónur í útsvar, sem er mikið vel efnuðum, og á stóra húseign með mjög stórri og góðri lóð, á góðum stað í bænum, sem er mikils virði; og mun fá rúmar 20 krónur mánaðarlega í húsaleigu auk þess hefur hann talsverða heisölu, hann hefur enga ómaga fyrir að sjá, hann á 1 dreng sem er orðinn verzlunarþjónn við einhverja stærstu verzlun hjer í bæ. Og álít eg því hjá Guðmundi mikið góð efni og ástæður.

Jón Eyjólfsson kaupm. aðeins er gjörð að borga jafnt mjer eða 25 krónur í útsvar, sem hefur drjúga verzlun.

Þar sem útsvar mitt er 25 krónur í samanburði við ~~í samanburði við~~ útsvör hinna ofantöldu, get eg ekki álitið að sje sanngjörn niðurjöfnun þar sem eg er atvinnulaus og á heldur ekki fasteign mjer til hjálpar, eg skal geta þess að eg hef borgað 2 krónur í tekjuskatt og er það af eign sem móðir mín á, en eg ekki þó eg hafi verið talinn fyrir henni, eg mun geta af krafist verður fengið sannanir fyrir því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undanfarin 2 ár sem jeg hef verið hjer hef eg borgad hvert ár 20 krónur og hefur mjer þótt þad alt of hátt, þó eg hafi ekki kvartad yfir því, þá hef eg haft fulla ástædu til þess, í samanburdi vid adra. Eg leyfi mjer ad fara þess á leit ad hin háttvirta nefnd taki mál þetta til athugunar og færi útsvar mitt nidur í 15 krónur úr 25 kr. og yrdi þad samt full hátt þegar tekin væru til samjöfnadar útsvör hinna fyrtöldu.

Reykjavík 12. desember 1898.

Virdingarfyllst

Gudmundur Magnússon.

Til

Nidurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstadar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Guðmundar Magnússonar,
Laugavegi, Rvík.

Njfn. Rvík, 25. Jan. 1899.

Útsvarskæru yðar, dags. 12. f. á., (desbr.) lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar ~~23~~ 11. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að útsvar það, sem hún ~~áður fyrir yður~~ í síðastl. nóvembermánuði gjörði yður fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 25 kr., skyldi standa óbreytt, og að kæra yðar væri þannig eigi tekin til greina. – Eptir upplýsingum yðar og ástæðum annarsvegar og þekkingu bæjarfulltrúanna hinsvegar þykir nefndinni þetta gjald eigi of hátt fyrir yður, og engin rök eru í kæru yðar ~~sem hefi getað~~ svo löguð, að þau gæti sannfært hana um, að þessi skoðun hennar væri röng.–

No 12/1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirtaw

No 13/1898. 14/12 98.

Vegna þess að hin heiðraða Niðurjafnaðarnefnd í Reykjavík hefur gjört mjer að borga í aukaútsvar árið 1899 að upphæð 4 kr. Enn af því að jeg er nú komin á fjörgamlan aldur og þar með orðin farin að heilsu og get nú ekki unnið mjer til lífs framdráttar og ~~til~~ því hjátrúingar sem í min una því að aðrir af eignþurfi sem mjer til heirir neyer mjer ekki til að lifa til af ef jeg ekki nyti hjalpar frá öðrum og í til efni af framan greindum ~~greindum~~ á staðum min um vilja leifa mjer hjer með að biðja virðing hina heiðraðu Niðurjafnaðarnefnd í Reykjavík um að frýja mig við að borga áður nefnt aukaútsvar

Reykjavík 10 desember 1898

Virðingarfyllst
Kristjana Jóhannsdóttir
frá Stapakoti

Til
Niðurjafnaðarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Kristbjörgu Jóhannsdóttur frá Stapakoti, Reykjavík.

Í Njn. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Útsvarskæru yðar, dags. 10. októbr. f. á., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði ~~hún~~ nefndin þá, að kæra yðar yrði eigi tekin til greina, og að útsvar það sem yður í síðastl. nóvembermán. var gjört að greiða til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 4 kr., skuli standa óhaggað.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, skal jeg taka það fram, að nefndin álítur, að efnahagur yðar sje svo, að þjer getið eigi komist hjá, að greiða þetta lítilræði til bæjarþarfa, þótt þjer sjeuð hnigin að aldri. –

No 13/1898.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stendur  No 14/1898. 14/12.98

Hjer með vil jeg
biðja hina Háttvirtu
Niðurjöfnunarnefnd að
gjöra mjer grein fyrir af
hvaða ástæðum fátækra-
útsvarið mitt er hærra en
í fyrra, af því ástæður mínar
eru á þeim mun verri en
í fyrra bæði hefi jeg legið
veikur í haust um Mánuð
og svo og er systir mín heilsulítil
hjá mjer sem jeg sje um,
í fyrra hafði jeg auk hennar
aðra systir mína fyrir vinnu-
konu, enn nú þarf jeg allt
út að kaupa, og svo hefi
verið lagðar á mig 3 kr. 50 a.
á Austfjörðum þar sem jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leitaði atvinnu minnar í
sumar, og er útsvarið þvi
í heild sinni 13½ krón.
og vildi jeg óska að hún
háttvirta nefnd vildi nú
vita hvert jeg er skildur
að galda það þannig á 2-
-stöðum, nú þykir mjer
líka aðrir hafa betri ástæður
sem þó eiga minna að greiða
svo sem er Þórður Þórðarson
Verslunar Þjón. hjá
Thorsteinsen Liverpól. hann
er ómaga laus og hefir
föst og viss árslaun. og
útsvar hans er 12 kr. og svo
er um fleiri.
Rávagerði 15/12 - 98
Ingvar Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Gunnar Þorbjörnsson, Rádgerdi,
Reykjavík.

Bfgt. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Aukaútsvars-kæru Yðar, dags. 13. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að kæra Yðar gæti eigi tekist til greina, og að útsvar það, sem nefndin í síðastl. nóvembermán. gjörði Yður að greiða fyrir yfirstandandi ár til bæjarþarfa, að upphæð 10 kr., skuli standa óbreytt.-

Um leið og jeg tilkynni Yður þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg geta þess, að útsvar Yðar var lítillega hækkað, frá því sem það var áður, af því að þarfir bæjarfjelagsins höfðu á seinni tíma aukist að mjög miklum mun.-

No 14/1898.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~telst ekki til greina~~ ~~áteiknað~~ – No 15/1898. – 14/12. 98. –

Þad þarf ekki lengi ad blada í skrá yfir aukaútsvör í Reykjavík 1899 til þess ad ganga úr skugga um, ad nefnd sú, er jafnad hefur nidur útsvörunum, hlýtur ad skara langt fram úr ödrum samskonar nefndum, annadhvort ad vanþekkingu og ókunnugleik um efnahag og ástædur gjaldenda hjer í bænum, eda þá ad tilfinningarleysi fyrir rjettlæti og sanngirni. Án þess ad leggja nokkurn dóm á þad, hvort af þessu tvennu sje orsökin, ætla jeg ad gera ráð fyrir ad þad stafi eingöngu af ókunnugleik nefndarinnar, hve útsvörin eru ósanngjörn gagnvart gjaldendunum.

Til þess ad sýna ad þetta álit mitt er byggt á gildum rökum skal jeg leyfa mjer ad bera saman útsvör nokkurra manna vid útsvar þad er nefndin hefur lagt á mig.

Nefndin leggur fyrst á mig 10 kr. útsvar í vor og er mjer sagt ad þad sje kallad hálft útsvar. Ad líkindum er þessi vísdómslega tilhögun höfd til þess ad þad geti verid eitthvad frábrugdid því sem tídkast um land allt, sem sje ad mida gjaldid vid fardagaár, og skilst mjer líka ad þad geti verid töluverd hagsýni í slíku, því ad á þennan hátt er hægt ad láta sama manninn greida útsvar í tveim stödum fyrir einn árshelming. Hvad sem nú þessu lídur, þá hefdi jeg audvitad kært yfir þessu hálfa útsvari, ef jeg hefdi ekki verid austur í Ölfusi á þeim tíma sem nidurjöfnunarskráin lá frammi. Ef tekid er nokkurt tillit til efna minna og ómegdar er þetta útsvar svo feykihátt í samanburdi vid ýmsa adra, ad þad gegnir furdu ad slík nidurjöfnun skuli eiga sjer stad.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo leggur nefndin á mig nú í haust 18 kr. útsvar, og er satt bezt að segja, að nefndin hefur þó, með því að lækka útsvarið þótt lítið sje, kannazt við að mjer hafi verið gjört rangt til við fyrri niðurjöfnunina. En 18 kr. útsvar á mjer er einnig allt of hátt í samanburði við marga aðra. Jeg hef 3 ómaga fram að færa, börn á unga aldri og efni mín eru engin nema 500 kr., sem jeg hef bargað í bæ þeim, er jeg rjeðst í að kaupa, og dálítill vetrarforði sem jeg hef dregið að heimilinu. Síðan jeg kom hingað hef jeg verið atvinnulaus og fæ enga atvinnu fyr en með vertíð.
Þorvaldur lögregluþjónn Björnsson á að gjalda 18 kr. útsvar eða jafnt og jeg. Hann mun hafa hátt á 8. hundrað krónur í föst laun um árið og eptir því sem kunnugir segja nálægt 200 kr. í aukatekjur. Auk þess hefur kona hans bezta atvinnu nokkurn tíma úr árinu, svo að óhætt má fullyrða að þau hafi alls yfir 1000 kr. um árið, og þau hafa alls engan ómaga fyrir að sjá, ekki svo mikið sem Bachus, því að Þorv. kvað eiga halda heiðri sínum óskertum sem goodtemplari.
Kristjan Teitsson frá Gerðabakka í Garði á að gjalda 16 kr. útsvar. Hann mun eiga efni töluvert meiri en jeg; hefur 2 börn sín upp komin hjá sjer, sem bæði eru vel vinnandi og höfðu víst allgott kaup í sumar. Sjálfur hafði Kristján atvinnu við bygginga holdsveikraspítalans og hafði þá 4 kr. um daginn og það fram undir haust og síðan má heita að hann hafi allt af bezta atvinnu við smíðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Nikulásson (við Smiðjustíg) á að gjalda 12 kr. í útsvar. Hann hefur að vísu 2 ómaga, en sá maður hefur atvinnu hvern einasta dag yfir árið, vinnur fyrir 8–9 hundr. krónum ár hvert, eptir því sem kunnugir segja. Guðmundur Guðmundsson á Vegamótum á að gjalda 20 kr. útsvar 2 kr. meira en jeg. Þetta vona jeg að hver skynbær maður sjái að er langt frá allri sanngirni, því að efnahagur Guðm. mun vera mjög svo ólíkur því, sem hjá mjer.

Kr. Ó. Þorgrímsson á að gjalda 30 kr. útsvar. Hann hefur allmikla verzlun á haustin, sem hann mun hafa ekki svo lítinn hag af og svo verður þeim manni flest að atvinnu eins og mörgum er kunnugt, skuldheimta, málaþras o. s. frv. Hann á ekki svo litlar eignir og hlýtur stórum að vera að auðgast, því að hann kaupir nú hverja fasteignina á fætur annari. Virðist því allt mæla með því að rjett sje að hækka útsvar hans.

Út af því sem jeg hef tekið fram hjer að ofan leyfi jeg mjer að krefjast þess, að hækkað verði:

1. útsvar Þorvaldar Björnssonar lögregluþjóns upp í 30 kr.
2. —"— Kristjáns Teitssonar upp í — — 18 —"—
3. —"— Árna Nikulássonar upp í — — 20 —"—
4. —"— Guðm. Guðmundssonar á Vegamótum upp í 25 —"—
5. —"— Kristjáns Þorgrímssonar upp í — — 35 —"—

en mitt útsvar fært niður í 10 kr.

Jeg þykist ekki vera í neinum efa um það, að menn þeir, er jeg hef tekið til samanburðar hljóta að vera sáróánægðir yfir því, hve lág útsvör þeirra eru, þeim hlýtur að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykja það minnkun, að gjalda svo lágt útsvar.
Væntanlega lætur niðurjöfnunarnefndin ekki segja
sjer þetta tvisvar, en takist svo ólíklega til að
nefndin vilji ekki taka kröfur mínar til greina
óska jeg að þetta mál verði lagt fyrir bæjarstjórnina.

Reykjavík, Klapparstíg 14. desbr. 1898.

Virðingarfyllst

Loptur Þorsteinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Sigfúsi Þorsteinssyni,
Reykjavík, Klapparstíg.

Niðurj. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Bréf yðar til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, dags. 14. f. mán., þar er þér kærið yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, sem nefndin í síðastl. nóvembermán. gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði hún ~~nefndin~~ þá, að gjaldið, sem var ákveðið 18 kr., skuli standa óhaggað. —

Þetta hefur nefndin falið mér, að tilkynna yður, og þykir henni eigi ástæða til þess, að rökstyðja úrskurð sinn gagnvart yður, því að kærubrjef yðar er ekkert annað en ástæðulaus illyrði og getsakir bæði til nefndarinnar og óviðkomandi manna, en annars alveg rökstuðningslaust. —

Þó skal þess getið, að bæði þessi útsvarsálagning, fyrir yfirstandandi ár 1899, og einnig útsvar það, sem yður var gjört í vor er leið fyrir tímabilið frá fardögum til ársloka 1898, er byggt á ~~yðar & eigin~~ skýrslum yðar sjálfs um efnahag yðar og ástæður, er þjer fluttust hingað til bæjarins. —

No 15/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. 16,00.
1898. 18,00.

No 16/1898. – 14/12. 98.

Ekki tekið fyrir [illegible]

Jeg hefi sjeð í niðurjöfnunarskrá fyrir Reykjavíkur að á mig eru lagðar fyrir næsta ár Kr. 18. En sökum þess að mjer þikir bæjargjald þetta of hátt leyfi jeg mjer allravirðingarfyllst að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún taki málefni þetta á ný til yfirvegunar, og lækki þannig útsvar mitt svo það komist í rjett hlutföll við bæjargjöld þeirra manna er jeg hef hugsað mjer að taka til samanburðar. það er þá 1. Guðmundur bóndi í Hákoti sem er barnlaus, en hann hefur kr. 8. 2. er Bjarni hreingjörði í Melshúsum hann hefur 15 kr. bæjargjald.

Mínar kringumstæður eru þannig: að jeg á mjög heilsulitla konu sem lá í allan fyrravetur og er komin í rúmið þegar minnst varir. þar að auk gef jeg með aldraðri móður minni Kr. 50. Jeg á engar fasteignir, og verð að gjalda 50 kr. í húsaleigu um árið. Vinna mín er mjög stopul og engin ákveðin. Með góðu trausti til niðurjöfnunarnefdarinnar óska jeg og vona góðra málalykta.

Hákoti 14. desember 1898

Hildibrandur Kolbeinsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Hildibrandar Kolbeinssonar,

Hákoti, Reykjavík.—

Útsvarskæru yðar, dags: 14. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að útsvar það, sem hún í síðastl. nóvembermán. gjörði yður fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 18 kr., skyldi standa óbreytt, og að kæra yðar yrði eigi tekin til greina.—

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirmælum nefndarinnar, skal jeg geta þess, að þar sem útsvar yðar var í haust hækkað um 2 kr. frá því, sem það var næsta ár undan, þá stafar það beint af almennri hækkun bæjargjalda hjer í kaupstaðnum. Að öðru leyti álítur nefndin, að gjaldið væri eigi of hátt fyrir yður eptir hag yðar og ástæðum, og í samanburði við aðra gjaldendur á yðar reki.

Nj.nf. Rvíkur, 25. jan., 1899.

No 116/1898.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. 14,00.
1898. 14,00.

No 17/1898. – 14/12. 98.

Eftirlit

Jeg hefi nýlega sjeð í niðurjöfnunarskrá fyrir Reykjavíkur bæ að lagt hefur verið á mig sem aukaútsvar Kr. 14; en með því mjer þikir þetta útsvar of hátt legfi jeg mjer allra virðingarfyllst að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún taki aftur mál þetta til yfirvegunar og lækki á mjer gjaldi þessu með hliðsjón af útsvars álögum nokkura manna er jeg leyfa mjer að nefna, og er þá 1. Jón Árnason verslunarmaður við Brydesverslun, hann á að vísu tvö börn, en hefur líka stöðuga vinnu og góð laun. 2. Bjarni hringjari í Melshúsum, hann hefur engan ómaga fram að fœra en býr með ráðskonu og eru bæði vel vinnandi, hann hefur ekki nema 1 kr. fram yfir mig. 3. Þorsteinn bóndi á Frostastöðum, hann hefur haft mjög ápekka vinnu eða laun í sumar; hann á tvö börn, en það eru líka ekki nema 10 krónur lagðar á hann. 4. Páll Jónsson í Melshúsum, það er ekki að sjá hann hafi neitt aukaútsvar. Vinnu hefur hann haft frá því byrjað var að byggja barnaskólann og þangað til fram að jólaföstu og hefur fengið í vinnulaun 18 kr. um vikuna.

Efnahagur minn er þannig að jeg fatlaðis á miðri vertíð svo jeg varð að fara úr skiprúminu og sætta mig við reitingsvinnu í alt sumar. Jeg hef þrjú börn og heilsulitla konu fram að fœra.

Reykjavík 14. desember 1898.

Eiríkur Þorkelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

Óbreytanlegt
NB

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Eiríks Þorkelssonar,

Reykjavík. –

Út af útsvarskæru yðar, dags. 14. f. m., lagði jeg það fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar yrði eigi tekin til greina, og að útsvarið það á yfirstandandi ári, sem nefndin gjörði yður í síðastl. niður- embættismanns/, að upphæð kr 14, skyldi standa óhaggað. –

Þetta hefur nefndin falið mjer að tilkynna yður, og geta þess jafnframt, að þareð gjöld til bæjarþarfa hafi aukizt stórum þetta árið og aukaútsvör þess vegna almennt hækkað að mun, eða að öðrum kosti staðið ~~[illegible]~~ í stað, þótti eigi tiltækilegt að lækka útsvar yðar frá því, sem það áður var, en það var 14 kr. einnig undanfarin ár. –

N. Jd. Reykjavík, 25. Jan., 1899.

(14 kr.)

No 17/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897 - 25,00.
1898. 22,00 -

№ 18/1898. - 14/12. 98.

Lækkað ofan í 20 kr

Það er ekki ástæðulaust, að jeg enn þá leyfi mjer að leiða athygli hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar til þess háa aukaútsvars, sem hún hefur lagt á mig fyrir næstk. ár.

Þegar jeg í fyrra kærði aukaútsvar það, sem nefndin lagði á mig fyrir yfirstandandi ár, og sem þá bæði var fært niður af sjálfri niðurjöfnunarnefndinni og sumpart af bæjarstjórn Reykjavíkur, þá hugðist jeg satt að segja, hafa skýrt nefndinni svo frá efnum mínum og ástæðum, að mjer aldrei hefði getað komið til hugar, að nefndin myndi finna upp á því, nú í ár að hækka útsvarið frá 18 kr. upp í 22 kr. Því vel ljóst hlýtur nefndinni að vera, að jeg öldungis ekki hef orðið fyrir neinu því happi, nje tekjurnar mínar aukist það á þessu yfirstandandi ári, að hin minnsta ástæða gæti verið, til þess að hækka það 18 kr útsvar sem jeg borgaði í fyrra, sem vitanlega var þar á ofan alls of hátt, með tilliti til útsvars þess er aðrir borguðu þá, upp í 22 kr. fyrir komandi ár.

Þótt þær ástæður sem jeg tók fram í kæru minni í fyrra, og það sem jeg nú hef bent nefndinni á, ættu að virðast vera nægilegt, til þess að koma hinni heiðruðu nefnd í skilning um það, að alls engri átt geti náð að jeg borga 18 kr aukaútsvar, og þá enn síður 22 kr útsvar, þegar jeg ber mig saman við aðra, sem hafa töluvert hærri tekjur en jeg og borga þó ekki meira en frá 8-10 kr í aukaútsvar; þá ætla jeg þó formsins vegna enn á ný að leyfa mjer að taka nefnda 3 gjaldendur mjer til samanburðar, í því trausti, að mjer þar með takist að sannfæra hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd um, að mjer þó ekki geti borið að borga hærra útsvar en hver einn þeirra gjaldanda, sem jeg ~~hef~~ tek mjer hjer til samanburðar.

Leikfimiskennari Magnús Magnússon, á samkv. niðurjöfnunarskránni að borga segi og skrifa 8 átta kr. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Madur sem þó nýtur 600 kr launa úr landssjódi, og sem þar á ofan hefur meiri kenzlu en jeg. Systurnar Gudlaug og Kristín Arasen eiga bádar dálitlar eignir, og hafa minni fyrir kenzlu en jeg, samt biðja þær ekki meir en 10- og 8 kr. aukaútsvar. Þannig gæti jeg talid upp ótal fleiri, sem hafa nokkud meiri tekjur en jeg, án þess þó, þeim sje ætlad ad borga meira en tæpan helming í aukaútsvar, á móts vid mig.

Jeg vænti þá, ad jeg nú sje búin ad færa hinni heidrudu nefnd svo ljósar röksemdir fyrir þessu mínu altofháa útsvari, ad jeg örugg megi vænta þess, ad hin heidrada nidurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt fyrir þetta ár svo nidur, ad þad undir engum kringumstædum verdi hærra, en á einhverjum þeirra sje gjaldenda, sem jeg hef talid mjer hjer til samanburdar

Reykjavík 14 desember 1898

Virdingarfyllst

Ingibjörg Bjarnason.

Til

Nidurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fröken Ingibjörg Bjarnason,
Reykjavík.-

Njfl. Rvíku, 25. ~~Júlí~~ Jan., 1899.

I gjörið yður að greiða

Bréf yðar, heiðraða fröken, dags. 14. f.m., þar er þjer kvörtuð yfir aukaútsvari því, að upphæð 22 kr., sem niðurjöfnunarnefndin ~~lagði á yður~~ í síðastliðnum nóvembermánuði I fyrir ~~yfir~~standandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 11. þ.m., og úrskurðaði hún þá að færa skyldi útsvarið niður um 2 kr., eða úr 22 kr. ~~ofan~~ í 20 kr.-

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, heiðraða fröken, skal jeg eptir tilmælum nefndarinnar tjá yður, að hún treysti sjer eigi til að lækka útsvarið þessa, þegar litið er á hvílíkar miklar almennar bæjarþarfir hjer, á hag gjaldenda yfirhöfuð og á hag yðar sjerstaklega.-

Hérumbrjefið hef eg fengið að láni í dag /i. 1898

Ingibjörg ~~Guðbrandsdóttir~~

№ 18/1898.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld - 1897 - 8,00 No 19/1898. - 16/12. 98.
Gjöld nú 10,00

Jeg er neyddur til að gjöra Hinni
heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík
ljósar undanfarandi kríngumstæður mín
ar. Jeg vona að hún skilji að eg hef tvo
ómaga og lýsa það að þeir báðir hafa haft
stóran heylsubrest frá byrjun Júlí mán
aðar í sumar Annar svo að mánuðum sa
man mátti aldrei maðurinn frá honum
ganga og er hann veikur enn í dag þó hann
virði að tilsjast á bata vegi, þegar jeg
sá upphæð á útsvari því sem nefndina
hafði sett mjer þóttist jeg full komlega
sjá að þessi heilsubrestur hefði henni ver
ið ókunnur fyrst henni þóknaðist að að
hækka það frá fyrra ári, Jeg ætla ekki
að taka mjer Jafnaðar menn, En vona að
nefndinn sjái fullar ástæður til þess að
lækka þessa upphæð altsaman niður í
það sem var í fyrra því það er engum

Lækkað um 2 kr. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ofa bundið að vaiðendi þessi hafa haft
stórann kostnað í för með sjer bæði að
meðölum og vinnu tapi en enginn fra
mer liðsta sem bætir það upp hvorki
af því nýja landi
Pálshúsum 14 Desbr 1898
Erlendur . G. Þorleifsson

Til
niðurjöfnunar nemdarynnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Erlendar G. Þorleifssonar,
Pálshúsum, Reykjavík.

Njfn. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Auka-útsvarskæru yðar, dags. 14. f. m., lagði jeg fyrir Niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að lækka útsvar það, sem yður í síðastl. nóvembermán. var gjört að greiða til bæjarþarfa á yfirstandandi ári, um 2 kr., eða úr 10 kr. ofan í 8 kr.

Þetta tilkynnist yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

No 19/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útsvar kr. 40 ~~100~~ 1899  No 20/1898. 16/12. 98.

~~Af~~ Af því að mjer ~~þyki~~ virðast útsvar það, sem mjer á hinni framlögðu niðurjöfnunarskrá er gjört að greiða til bæjarsjóðs næstkomandi ár, að upphæð 40 krónur, mikils til ofhátt í samanburði við fjölda annara gjaldenda bæjarins og efni mín og ástæður, leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún færi gjald þetta niður að miklum mun. Jeg ímynda mjer að hin háttvirta nefnd hafi sett gjald þetta svona hátt af því hún hafi haldið að eigur mínar væru miklu meiri en þær nú eru, af því jeg hafi hlotið mikinn arf eptir tengdaforeldra mína, enda var hann líka talsverður. En í fyrra fór jeg austur og reisti bú með allmiklum kostnað á Selfossi, en af ýmsum ástæðum gat jeg ekki verið þar nema tár, og fluttist því hingað aptur á tíðarliðnu vori, og þessi austurför mín varð mjer bæði beinlínis og óbeinlínis stórkostlega að fjárhags tjóni, svo að nú á jeg eigi meiri eigur en jeg nú skal hreinskilnislega og rjett skýra frá.

| | |
|---|---|
| Í húseign minni í Reykjavík hefi jeg borgað | 1700 kr |
| Svo á jeg 6 ㏋ í jörðunni Norðurkoti í Flóa | 600 " |
| og 7 ㏋ í jörðunni Miðhekki í Stokkseyrarhverfi | 700 " |
| | 3000 kr |

Lækkað um 10 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt 3000 kr

Innanstokksmunir og búsáhöld — — — 100

Alls samtals 3100 kr

Þarfrá dregst verzlunarskuldir og fleiri smáskuldir 300 —

Eign mín að frádregnum skuldum er því eigi nema 2800 krónur, og mundi þó hvert jarðarhundrað í þessum jarðarpörtum mínum hvergi nærri seljast á 100 krónur á þeim árum, sem nú eru.

Jeg hefi 3 börn mín ung fram að færa, hið elzta 10 ára, annað 5 ára, og hið yngsta á 1. ári; og svo hvílir á mjer árleg afborgun og vextir af 1300 króna skuld til landsbankans, sem á húseign minni hvílir, því kaupverð hennar var 3000 kr

Jeg er einyrki, og hefi eigi aðra atvinnu við að styðjast en að vera háseti á þilskipi, og lítilsháttar almenna landvinnu á haustin og framan af vetri, sem mjög er óviss og stopul. Árstekjur mínar geta því í hæsta lagi orðið, ef allt gengur vel; fyrir að vera háseti á þilskipi í 6 mánuði

| | | |
|---|---|---|
| 40 krónur um hvern mánuð — — — | | 240 kr |
| í landvinnu (óviss) á haustin og vetri — — | | 60 — |
| jarðarafgjald af Norðurkoti í Flóa alls | 32 kr | |
| — " — " Miðkekki — " — | 38 | 70 kr |
| og vextir af 1700 krónum sem jeg á í húseign minni | | 68 — |
| | Alls | 438 krónur |

og þó eru vinnulaunin á sjó og landi tæpast talin svo hátt sem þau

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vel geta orðið minni, og auk þess leiði af sjómennskunni sjófatnaðar tilkostnaður, sem hjer er eigi talinn með, eða dregin frá, má því gjöra ráð fyrir að árstekjur mínar að frádregnum tilkostnaði verði alls eigi meiri en 400 krónur, og meira en helmingurinn af því með vöruverzlunarverði út úr búð, sem er allt annað en peningaverð. — Jeg skal geta þess að síðastliðið sumar var jeg á þilskipi frá því í vor að jeg kom hingað og fram að hausti og fjekk fyrir það 120 krónur, náttúrlega í vöruverði út úr búð. —

Til samanburðar skal jeg að eins nefna örfáa gjaldendur aðra er á niðurjöfnunarskránni standa.

Bókhaldari N. B. Nielsen við Brydesverzlun á að greiða 30 krónur. Jeg hygg hann hafi sjálfsagt þrefalt hærri viss árslaun en mínar óvissu árstekjur geta orðið. Mjer finnst því að sanngjarnt væri að jeg eigi greiddi meira en í hæsta lagi hálft aukaútsvarsgjald móts við hann.

Hannes Thorarensen við Thomsensverzlun á að líkindum eins miklar eða meiri eignir en jeg, og hefir í viss árslaun 2var til 3var sinnum meira en mínar árstekjur eru. Hann á að greiða 35 krónur í aukaútsvar. Sanngjarnt finnst mjer að jeg eigi borgi meira en helming í aukaútsvar móts við hann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Finnbogi Árnason frá Reykjum á að borga 50 kr. Hann á vafalaust meira en 3var sinnum meiri skuldlausar eignir heldur en jeg, og er alveg ómagalaus. Mjer finnst sanngjarnt að jeg eigi greiði meir en eina þriðjungs gjald-upphæð móts við hann.

Og loks skal jeg nefna fátækrafulltrúa og niðurjöfnunarnefndarmann Guðmund Guðmundsson á Vegamótum. Hann hygg jeg að eigi að minnsta kosti jafnmiklar, og jafnvel meiri skuldlausar eigur en jeg. Hann er einnig ómagalaus, en jeg á – eins og áður er sagt – 3 börn á ómaga aldri. Hann á að gjalda 20 krónur. Mjer finnst að eptir efnum okkar og ástæðum geti mjer alls eigi borið að greiða hærra aukaútsvar en honum, en 20 króna gjald ljeti jeg mjer samt vel lynda, og enda þó það væri 25 krónur, en það er líka sú hæsta upphæð, sem mjer finnst að sanngjörn geti kallazt í samanburði við framangreinda menn og aðra fleiri gjaldendur bæjarins; og jeg leyfi mjer að óska þess og vænta, að þegar hin heiðraða nefnd hefir íhugað efni mín og ástæður, færi hún hið umrædda aukaútsvar mitt svo niður, að það eigi verði meira en 20 eða í hæsta lagi 25 krónur.

Litlalandi í Reykjavík, 14. desember 1898.

Virðingarfyllst.

Gunnlaugur Ólafsson.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Gunnlaugs Ólafssonar
á Litlalandi
Reykjavík.

Njnd. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Auka-útsvars-kæru yðar, dags. 14. desbr. f. á., hefi jeg lagt fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og hefur hún á fundi 11. þ. m. úrskurðað, með tilliti til atvika þeirra, sem þjer til-greinið í brjefi yðar, að lækka út-svarið um 10 Kr., eða úr 40 Kr. ofan í 30 Kr.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar.

№ 20/1898.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~aukaútsvar — 15 00~~ — No 21 / 1898. — 18/12. 98.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tjá hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd frá, að mjer þyki aukaútsvar það, sem hún hefir nú á mig lagt fyrir næstkomandi ár, að upphæð 15 krónur, vera mikils til of hátt, bæði í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur bæjarins, og efni mín og heimilis ástæður, sem eru þannig, að jeg, sem er borinn og barnfæddur Reykvíkingur, og sem byrjaði fyrst að eiga með mig sjálfur og búa á síðastliðnu vori, og gifti mig á haust er leið, — á engar eigur nema hin allra nauðsynlegustu búsáhöld til tómthúsmennsku, og hefi eigi annað við að styðjast til lífsframfæris mjer og konu minni og tveimur börnum okkar, öðru á 9. ári en hinu á 1. ári, en afla þann, sem jeg sem háseti á þilskipi kann að fá, hvernig sem það nú heppnast, en eins manns hásetishlutur er venjulega nú orðið eigi stór fjárupphæð, metin til peningaverðs, þegar frá er dregin óumflýjanlegur tilkostnaður, svo sem sjófatnaður, salt og verkun á fiskinum. — Á

Lækkað um 3 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

seðaclidna sumri voru einnig með aaka niður-jöfnun lagðar á mig 8 krónur í aukaútsvar fyrir hið hálfa yfirstandandi ár, sem mjer líka fjótti mikið of hátt, en sem jeg þó hefi umtalslaust borgað til bæjarsjóðs. Af framangreindum ástæðum mínum leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún setji þetta 15 króna aukaútsvar mitt fyrir næsta ár niður í 10 krónur, sem mjer finnst vera hæfilegt og fullhátt eptir mínum efnum og ástæðum, og með hliðsjón af öðrum gjaldendum á mínu reki, t. a. m. Pálma Sigurðssyni á Vegamótum, sem á að borga 12 kr. í aukaútsvar, en er barnlaus og býr með stúlku, og komst í efnahagslegu tilliti fremur vel af, og sömuleiðis með Gunnlaugi Þorbergssyni, sem er einhleypur maður og hefir enga ómaga að annast, en á að borga 10 kr. í aukaútsvar.

Skólavörðustíg í Reykjavík, 17. desember 1898

Virðingarfyllst

Kristinn Egilsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Kristinn Egilsson,
Skólavörðustíg, Reykjavík.

Nefnd. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Út af brjefi yðar, dags. 17. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að færa niður um 3 Kr. útsvar það til bæjarsjóðs, sem nefndin gjörði yður í síðastl. nóvembermán., ~~það er að segja úr 15 Kr. ofan í 12 Kr. það er að segja lækka það svo,~~ þannig að það verði ~~nú~~ ~~lækkað úr~~ 12 Kr. –

Þetta hefur nefndin falið mjer að tilkynna yður. –

No 21 / 1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útsvar 1898. – 15,00.                Nr 22/1898. – 19/12 '98.

duglegur vinnumaður hjá sér

Á hinni framlögðu niðurjöfnunar skrá yfir auka-
útsvör bæjarbúa næstkomandi ár sje jeg að mjer
er gert að borga 15, kr. og á sömu skrá er útsvar
Péturs Þórðarsonar frá Grjóta 16 kr Guðmundar
Mattíassonar verzlunarmanns við Lindargötu 10 kr.
og Guðmundar Gissurssonar á Steinstöðum 12 kr

Guðmundur Matthíasson hefur einn ómaga fram að færa
Hann hefur á þessu ári komið sjer upp vönduðu íbúðar
húsi. hann hefur atvinnu við verzlun árið um kring
Pétur hefur líka einn ómaga á framfærslu Hann er
góður smiður og yfir höfuð duglegur maður og nú í haust
hefur hann haft stöðuga atvinnu sem næturvörður
Guðmundur á Steinstöðum hefur engan ómaga að ann-
ast. hann er mikið duglegur maður og hefur haft góða atvinnu
síðast liðið sumar.

Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um efni mín, jeg
skal aðeins taka það fram að jeg á enga arðberandi eign
hinn 9 mars síðast liðinn meiddist jeg svo á hendi að.
jeg var handarvana til 14 maí og um samaleyti fekk
konan mín handar mein sem hún hafði í 9 vikur og varð
jeg allan þann tíma að kaupa að. öll innan hús störf

Af þessum ástæðum vona jeg hin háttvirta niðurjöfnunar
~~nefnd~~ nefnd sjái að útsvar mitt er nokkuð hátt sett í saman
burði við útsvar hinna áðurtöldu gjaldenda. Jeg leyfi mjer
því virðingarfyllst að fara þess á leit að hinni háttvirtu
niðurjöfnunarnefnd. mætti þóknast að færa útsvar mitt
niður. eptir að hafa yfir vegað ástæður þær sem hjer að
ofan eru tilfærðar.

Lindargötu Arahúsi 16 desember 1898

virðingarfyllst

Magnús Þorsteinsson

(frá Hólakoti)

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Til~~

~~Herra Magnúsar Kristjánssonar~~

~~frá Halakoti, Rvík.~~

Á Njálsg. Rvík, 25. Jan. 1899.

[ síðastl.

Útsvarskæru yðar, dags. 16. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að fátækraútsvar yðar fyrir yfirstandandi ár, sem hún ákvað yður í Nóvembermánuði ~~síðastl. ár~~, að upphæð 15 kr., skuli standa óbreytt.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirmælum nefndarinnar, og skal geta þess jafnframt, að hún álítur yður ~~ómagalausan mann~~ duglegan og starfsaman mann [sem ætíð hefið ~~og~~ atvinnu, en], ~~og veit að~~ ~~þeir~~ þjer hafið eigi fyrir ómögum að sjá. –

No. 22/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Gjaldið 1898. – 150,00~~
~~Gjald 1897 – 140,00 –~~

No 23/1898. – 19/12 98.

Einungis fáein orð. Að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hjer, gjöri sjer það til gamans að elta mig árlega með í þyngstum gjöldum til bæjarins, ætla jeg henni þó ekki – En svo mikið er víst, að henni hefur yfirsjest, að íþyngja mjer enn í ár með aukn. auka útsvari.

Þó í vonum, að nefndin taki mínar fá orðu ástæður til greina, skal enn, þess sama getið, að efnahagur minn hefur aldrei staðið eins tæpt og nú, því stór skuldir í útlöndum, og Verslunin hefur í ár og í fyrra ekki verið hjá mjer það hálfa við það sem hún var áður.

Einungis vil jeg bera mig saman við þessa. Jón Þórðarson kaupm. hefur einungis 110 kr í auka útsvar. og hann hefur meiri umsetningu á útlendri vöru en jeg, auk allrar sinnar umsetningar á innlendum vörum

B. H. Bjarnason kaupmaður hefur einungis 90 kr í auka útsvar, með allri sinni verslun

Jeg fer því alvarlega fram á, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd færi hið nú verandi útsvar mitt niður í 130 kr. Sem er þó afar hátt eftir öllum ástæðum mínum nú, en þekki hina tvo skifta bæður mína sem vart er unt, öðru vísi að líta á, en að sjer allt af látt sett

Reykjavík 15 desember 1898

Virðingarfyllst

[illegible]

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

í Reykjavík

Lækkaður um 5 kr. – Gjald: 145,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+

Herra kaupmaður W. O. Breiðfjörð,
Reykjavík.

+

[illegible], 25. Jan., 1899.

+

Eptir að jeg hafði meðtekið kæru yðar, herra kaupmaður, dags. 15. f. m., yfir útsvari því til bæjarþarfa, sem niðurjöfnunarnefndin hafði gjört yður í síðastl. nóvembermán., en gjaldið var að upphæð 150 kr., lagði jeg téða kæru fyrir niðurjöfnunarnefndina til umsagnar, og ályktaði nefndin þá á fundi 11. þ. m. að lækka útsvar yðar um 5 kr., eða úr 150 kr. ofan í 145 kr.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð fyrir hönd nefndarinnar, og skal jafnframt ~~geta þess~~ taka það fram, af því að bréf yðar gefur tilefni til þess, að nefndin þykist með ~~engu~~ móti mega lækka gjald yðar meira, þegar hún á annan bóginn hefir fyrir augum hinar sívaxandi þarfir bæjarins, en hins vegar alkunnan dugnað, ráðdeild og framtakssemi yðar.

No 23/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hendrik [illegible] — No. 24/1898. — 20/12. 98.

Jeg leyfi mjer hjermeð að kvarta yfir aukaútsvari því, er á mig hefur verið lagt nú í haust fyrir árið 1899, 75 krón. að upphæð, og fara framá að það verði lækkað. —

Gjald það sem jeg hafði í fyrra (70 krón.) var svo hátt, að mjer finnst að það hefði mátt nægja og að það sje hin frekasta upphæð, er hæfilegt sje að jeg greiði eptir efnum og ástæðum í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur bæjarins. – Að vísu hafa sumir af hærri gjaldendum verið færðir lítið eitt upp í ár, en margir eru líka látnir standa í stað, sumir jafnvel færðir niður, án þess almenningi sje kunnugt, að hagur þeirra hafi mikið breyzt til hins betra.

Það mun mega segja, að jeg eigi hafi neina skylduómaga. – En samt vil jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg hef, eins og kannske einhverjum af hinum heiðruðu niðurjöfnunarnefndarmönnum kann að vera kunnugt, talsverðan kostnað af sama skyld- eða venzla-fólki mínu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Beri jeg saman gjald mitt við auka-útsvar embættismanna ekkna, sem á líku reki eru og jeg, t.d. frú Sigríðar Friðriksdóttur (75 kr.) og frú Ásthildar Tómasdóttur (65 kr.) finnst mjer einnig að gjald mitt vera heldur hátt, þareð þessar ekkjur báðar, einkum hin fyrnefnda, munu hafa þó nokkrar tekjur af eign, en það hef jeg alls eigi. – Þá er einnig frú Aug. Svendsen (55 krón) sem hefur mikla og talsvert arðsama verzlun. – Tek jeg þetta þó eigi fram í því skyni, að jeg ætlist til að gjaldið á velnefndum ekkjum sje sett upp, heldur til þess að styðja beiðni mína um niðurfærslu á mínu eigin aukaútsvari, sem jeg vona að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki til greina

Reykjavík 19. desbr. 1898.

Virðingarfyllst

Caroline Jónassen

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú Carolina Jónasson, Rvík.

N. J. N. Rvík, 25. Jan. 1899.

Eptir að jeg hafði meðtekið kæru yðar, heiðraða frú, dags. 19. f. m., yfir útsvari því til bæjarsjóðs, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastl. nóvembermán., lagði jeg tjeða kæru fram og tjeði málið fyrir nefndinni á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að atteknum öllum atvikum, að útsvarið, sem hefði verið ákveðið 75 kr., yrði ekki lækkað, og að kæra yðar þannig yrði ekki tekin til greina. –

Jafnframt og jeg eptir fyrirmælum nefndarinnar tilkynni yður þetta, háttvirta frú, skal jeg taka fram ástæður nefndarinnar fyrir synjuninni, og eru þær þessar, að þarfir bæjarins fara vaxandi ár frá ári og gjöld bæjarbúa þar af leiðandi, að niðurjöfnunarnefndin nú fyrir því átti að jafna á bæjarbúa ~~3000 – 4000~~ c. 3200 kr. hærri upphæð en síðastliðið ár, að ýmsir gjaldendur, er nokkuð kveður að, hafa ~~bæzt í bæinn~~ flutzt til bæjarins eða bæzt í gjaldenda-hópinn síðan í fyrra, að þessvegna verð að hækka gjaldið á hinum eldri gjaldendum að tölunum [mun], að þeir gjaldendur eru eigi mjög margir, er þola verulega gjaldhækkun, en nefnd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 24/1898.

vjer álítum, að þeir sjeu þeir ~~af þeim fátækustu tekju- fáu gjaldendum~~ meðal þeirra ~~fáu~~ gjaldenda sem eiga að bera gjaldhækkunina, með tilliti til þess að þeir eigi nokkra eign skuldlausa, hafið mjög verulegar, fast-[illegible], og hafið eigi skylduómaga fram að færa. –

Lárstengjur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1896. – 85,00
1897. – 00 –
1898. 80,00 – (Lækkað um 5 kr. –) þó

† № 25/598. – 22/12. 98.

Gömul afsv. –

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með að kvarta yfir aukaútsvari því, sem á mig hefur verið lagt nú í haust fyrir næstkomandi ár. Útsvarið er að upphæð 80 krónur.

Eins og hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd er kunnugt hef jeg lagt laun kennaranna við lærða skólann, 2000 kr. á ári; launa þessara hef árið sem leið að eins notið að nokkru leyti; eins og hinni heiðruðu nefnd einnig mun kunnugt, dvaldi eg í útlöndum frá því á miðju ári 1897 þar til í lok síðasta skólaárs, og varð því að kosta rekstur embættis míns allt skólaárið 1897–98 á þann hátt, að launa sjerstakan kennara, er fjekk mestan hlut embættislauna minna í endurgjaldsskyni fyrir starf sitt. Þar að auki varð eg að setja mig í stóra skuld til að kosta nefnda utanför mína, er að mestu leyti var gör til að afla mjer fræðari og fullkomnari þekkingar á greinum, sem að skólamálunum lýtur. Jeg hef því bókstaflega talað að eins haft útgjöld en engar hreinar tekjur árið sem er að líða, og efnahagur minn er nú eigi betri en svo, að 5 næstu ár þarf jeg að verja að minnsta kosti 500 kr. á ári til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum mínum, því að því nær allur móðurarfur minn – að frádregnum ofurlitlum parti í húseign, sem eg hefi selt í haust – var áður genginn í kostnað við háskólanám mitt.

Þessar ástæður finnst mjer ætla að nægja til þess að sýna fram á, að gjald það, sem í þetta skipti hefur verið á mig lagt, er talsvert of hátt.

Þegar jeg auk þess lít á aukaútsvar það, sem ýmsir hærri gjaldendur hjer í bæ eiga að greiða fyrir árið 1899, styrkist jeg enn betur í þeirri skoðun, að ástæða hefði verið til að gera mjer nokkru lægra útsvar en gert hefur verið. Jeg skal t. d. nefna suma meðkennara mína, Bj. Jensen, Geir Zoëga og Pálma Pálsson, sem að vísu engir eru einhleypir menn, en hafa hins vegar stórum meiri tekjur en jeg og, að minnsta kosti 2 hinir síðarnefndu, miklu minni skuldir. Þá skal eg enn fremur leyfa mjer að benda á útsvar Halldórs yfirkennara Friðrikssonar (50 Kr.), Markúsar skólastjóra Bjarnasonar (70 Kr.) og loks Sæmundar læknis Bjarnhjeðinssonar (80 Kr.), og hefur þó hinn síðastnefndi embættismaður, sem er einhleypur og að líkindum eigi í miklum skuldum, 700 króna hærri árslaun en jeg, auk leigulauss bústaðar og ef til vill einhverra aukatekna fyrir læknispraxis.

Jeg skal þó taka það fram, að jeg nefni ekki útsvör þessara manna í því skyni, að þau verði færð upp, heldur að eins til þess að sýna fram á, að ástæða er til að setja aukaútsvar mitt nokkru lægra.

Samkvæmt því sem eg hefi tekið fram hjer að framan, leyfi eg mjer hjer með að fara fram á, að aukaútsvar mitt fyrir árið 1899 verði fært niður eins mikið og hin heiðraða nefnd sjer sjer fært.

Virðingarfyllst

Reykjavík 22. des. 1898

Þorleifur H. Bjarnason.

Til

Niðurjafnaðarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra adjunkt Þórleifur Bjarnason,
Reykjavík.

Í N.Jl. Reykjum, 25. Jan., 1899.

Útsvarskæru yðar, dags. 22. desember f. á., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar gæti enn ekki til greina, og að aukaútsvarið, sem yður var gjört í síðastl. nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 80 kr: skyldi standa óbreytt.

Jafnframt og jeg eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar tilkynni yður þetta, herra adjunkt, skal jeg tjá yður, að útsvar yðar var árið 1896 kr 85,00., að árið 1897 var ekkert útsvar lagt á yður, með því að þjer þá voruð erlendis, og að útsvarið nú er ætlað fyrir yfirstandandi ár kr 80,00, og hefur það þannig verið lækkað um 5 kr., þrátt fyrir það þó aukaútsvarsbyrði bæjarins hafi hækkað að mun miklum mun á þessu síðastliðna ári, en efnahagur yðar á hinn bóginn eigi álitist lakari en áður, og hefur hann jafnvel verið talinn góður.— Þessar voru ástæður nefndarinnar til þess að synja kæru yðar áheyrnar.—

No 25/1898.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. – 25,00.
nú – 25,00.

№ 26
1898. – 23/12. 98.

Ekki til greina.

Af því hin framlagða niðurjöfnunarskrá gjörir mjer að greiða í aukaútsvar fyrir næstkomandi ár 25 krónur, þá leyfi jeg mjer hjermeð að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún vildi svo vel gjöra að lækka þetta útsvar á mjer.

Því þótt jeg ekki kvartaði næstliðið ár undan sama útsvari og mjer er nú gjört að greiða, þá finnst mjer samt full ástæða fyrir mig að gjöra það nú, þar sem atvinna mín yfir þetta ár hefur verið miklu arðminni og stopulli en fyrra ár, og skal jeg fús leggja fram reikning sem sýnir upphæð fyrir vinnu mína.

Eptir efnum og ástæðum fæ jeg því ekki betur sjeð, en að útsvar þetta sje ofhátt á mjer, í samanburði við suma aðra gjaldendur á niðurjöfnunarskránni, sem jeg gæti bent á ef til kæmi.

Reykjavík – Bergstaðastræti – 20. des. 1898
Virðingarfyllst
Jónas Guðbrandsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Jónasar Guðbrandssonar,

Bergstaðastræti.

Njf. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Útsvarskæru yðar, dags: 20. f. m. lagði ég fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að útsvar það til bæjarþarfa, að upphæð 25 kr., sem yður var gjört fyrir yfirstandandi ár í síðastl. nóvembermán:, skuli standa óbreytt, og að kæra yðar verði þannig eigi tekin til greina.

Jafnframt og ég tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal ég taka það fram, að nefndinni þótti ótiltækilegt að lækka ~~yð~~ útsvar yðar nú frá því, sem það hefur áður verið, – en það var 25 kr. einnig árið 1898 –, þar sem útsvarsbyrði bæjarins hefur hækkað að mjög miklum mun þessi síðustu ár, en hagir yðar á hinn bóginn að minnsta kosti eigi versnað, enda hafið þér stöðugt góða atvinnu, og verður eigi annað sagt, en að hagir yðar standi með sæmilegum blóma, eptir því sem um er að gjöra í þessu byggðarlagi. –

No 26/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1897 – 11,00.
Nú (1898) – 15,00

No 27/1898 – 23/12.98.

Lækkað um 2 k.

Hjer með leyfi jeg mjer að skrifa hinni heiðruðu niðurjöfnunar-nefnd, til þess að láta í ljósi óánægju mína með nokkrum línum.
Fyrir næstkomandi ár hefur nefndinni þóknast að hækka aukaútsar mitt um meira en 1/4 eða um 4kr. uppúr 11kr. sem áður hafa verið í 2 ár, þegar jeg skoða þessa hækkun hlutfallslega við þá hækkun sem alment kemur nú fram hvort-heldur eru hærri eða lægri gjaldendur, þá finst mjer hún vera nokkuð há; jeg hef verið að velta fyrir mjer af hvaða ástæðum nefndin hefur hækkað mig meir en flesta aðra hlutfallslega, en jeg hef ekki getað fundið þær. Aðalatvinna mín hefur verið að leita að afla útá sjóinn á smáferju, jeg þarf ekki að lýsa því hvernig sú atvinna hefur gengið síðastliðin ár, en jeg skal geta þess, að þetta ár hef jeg ekki látið einn fisk inn til kaupmansins sem jeg skifti við, og það er í fyrsta sinn að svo er; nú er atvinna mín fiskverkun, og stendur hún ekki framar hjá mjer en hverjum öðrum sem hana stundar. Þá eru vinnukraptarnir sem jeg skal benda á, jeg sem stend á sextugu, konan hátt á sjötugsaldri, dóttir uppkomin, og vinnukona hálfsextug, (enginn vinnumaður) þaraf getur nefndin sjeð að vinnukraptarnir eru ekki í framför. Skeldi það geta verið ástæðan veitingin í Framfarafjelagshúsinu, sem fjelagið hefur fengið mjer í hendur aðeins til eins árs í senn, (það liggur undir fjelagið árlega að fá hana í hendur hverjum sem það vill,) mjer dettur þetta í hug af því jeg veit að 2 í nefndinni eru í Framf.fjelaginu Kristján Þorgrímsson sem jeg hygg að lítið viti um veitinguna í fjelagshúsinu og Guðmundur á Vegamótum, og jeg get þesstil að frá honum sje upplýsingin um þá ábatasömu veitingu, sje svo að þetta sje ástæðan, þá verð jeg að segja það, að nefndin nottar smátt. Jeg skal benda á það, að jeg sá það fljótt að það gat ekki gengið að fá nauðsinleg áhöld til að halda uppi veitingunni að láni, jeg vildi ekki fleygja út peningum til að kaupa áhöldin þarsem leyfið var ekki nema til árs, jeg bauð því fjelagsmanni að kaupa þau á móti mjer, og halda uppi veitingunni jafnt mjer, og hafa hálfann ágóða eða tapa af veitingunni, nefndin getur nú sjeð hvert jeg hefði farið að fleygja frá mjer hálfum ágóðanum, hefði verið mikill slægur í honum, jeg gæti vel haldið ~~henni~~ veitinguni uppi einn, Vanalega eru 12 til 20 pör í einu á nætur skemtun í húsinu, optar peningalítið fólk, og nábúar í kringum húsið, sem þá ganga heim til sín

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að drekka sitt kaffi; í haust, og það sem af er þessum vetri hafa verið 2 náttúruskemtanir í húsinu, og þær lítilfjörlegar, þetta er ekki lítill ágóði. Hvað skildi hjálpræðisherinn hafa í hreinar tekjur eptir hverja viku fyrir aðganginn að sínu bulli.

Jeg vil forðast að bera mig saman við einn einstakann, það vekur opt úlfúð, og töluverða fyrirhöfn, en óviss árangurinn, jeg vona að hin heiðraða nefnd taki brjef mitt til greina með því að færa aukaútsvar mitt hæfilega niður, jeg get vel ýmindað mjer að þarfirnar hafi heimtað hækkun, og jeg hefði ekki talað orð um það jeg hefði hækkað um eina eða tvær krónur.

Nýlendu 22. desember 1898

Virðingarfyllst
Gísli Jónsson

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

herra Gísla Jónssonar í Nýlendu,
Reykjavík.

Í Bæjarst. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Út af umsókn yðar, dags. 22. f. mán.,
lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina
á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úr-
skurðaði nefndin það, að lækka skyldi
aukaútsvar það, sem hún gjörði yður í
síðastl. nóvembermán. fyrir yfirstand-
andi ár, um 2 kr., eða úr 15 kr.
ofan í 13 kr. — Frekari niðurfærslu
treysti nefndin sjer eigi til að sam-
þykkja, þegar hún athugaði hinar
miklu þarfir bæjarfjelagsins ann-
arsvegar, og yðar eigin hag og kring-
umstæður hinsvegar. —

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð fyr-
ir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar.

No 27/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Jónsson
Ritstjóri.

№ 28. / 1898. – 24/12. '98.

Reykjavík 23. desbr. 1898.

felld niður.

Hjá mér er vinnukona og hefir verið hátt á annað ár, Steinunn Jónasdóttir, sem niðurjöfnunarnefndin hefir lagt á, bæði nú og í fyrra, segir hún, en ætti sjálfsagt að vera alveg laus við aukaútsvar, eftir þeim reglum, er nefndin fylgir annars; enda er hún og alveg félaus og hefir þar á ofan fyrir ómaga að sjá. Hún hefir nú beðið mig að kæra þetta, sem eg geri hér með, og treysti því, að það hafi tilætlaðan árangur.

Þá hefir nefndin í annan stað lagt á einn prentnema hjá mér, Adam Sigmundsson (heit. prentara), 8 kr. í aukaútsvar, – pilt, sem ásamt bróður sínum yngri, Herbert, vinnur fyrir bláfátækri móður og 3 ungum systkinum, þó að þeir hafi raunar hvorugur meira en það, sem annars er kallað matvinnungskaup, meðan þeir eru að læra, og Adam þó heldur minna en Herbert. Þetta leyfi eg mér einnig að kæra, eftir ósk piltsins og fyrir hans hönd, og fara fram á, að hann sé alveg losaður við aukaútsvar. Virðist góðra gjalda vert, og fram yfir það,

Gjaldið á Barclay 8 kr. sem ~~[illegible]~~ Steinunn, fyrir bræðurna Herbert – 25 [illegible]

Barclay – 40,00 [illegible] niðurs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fjölskylda þessi verst sveit; enda þykist eg vita, að það sé meðfram að þakka nokkrum stuðning frá móður ekkjunnar og ef til vill fleiri nánum vandamönnum.

Virðingarf.
Bjarnason

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Ritstjóri Björn Jónsson
Reykjavík.

Í Nfd. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Kæru yðar, hr. ritstjóri, dags. 23.
f. mán., yfir aukaútsvörum þeim, sem
niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum
nóvembermánuði lagði á:
1. Steinunni Jónsdóttur, að upphæð 2 kr.
2. Adam Sigmundsson, að upphæð 8 kr.
lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar
hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin
þá:
1. að aukaútsvar Steinunnar Jóns-
dóttur, 2 kr., skyldi falla niður,
með því að hún nú væri í
vinnukonustjett.
2. að aukaútsvar Adams Sigmunds-
sonar skyldi standa óhaggað,
með því að hann, þótt þjer kallið hann
prentnema, þiggur töluvert kaup hjá
yður, og jafnframt með tilliti til
þess, að Herbert bróðir hans einnig
vinnur fyrir allálitlegu kaupi hjá
yður, en honum sleppti nefndin við
aukaútsvari; henni þótti það sömuleiðis
óþarfi að skipta útsvarinu niður
á báða bræðurna, þótt það væri ákveð-
ið með tilliti til samanlagðs kaups
þess, er þeir báðir hafa, og sömu
nefndin þóttist vita með vissu, að væri
svo hátt, að 8 kr. væri eigi ofhátt
sveitargjald fyrir þá, eptir því sem
[illegible] eða unglinga á þeirra

No 28/1898.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri hjá í bænum, og það þótt þeir styrki móður sína af kaupinu. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, hra ritstjóri, eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, og með þeim tilmælum, að þjer gjörið Steinunni Jóns dóttur og Adam Sigmundssyni úrskurðina kunna. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. – 8,00 –
1898. 8,00 –
~~Lækkað um 4 Kr.~~

No 29/1898. – 24/12. 98.

Reykjavík 16/12 98
Laugaveg nr. 25

Með því að ástæður mínar og efnahagur eru þannig, að jeg sje mjer ekki fært að borga aukaútsvar það, sem hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, sjálfsagt sökum ókunnugleika, hefir lagt á mig, leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að gjöra nánari grein fyrir því. –

Eins og sjálfsagt ýmsum heiðraðra nefndarmanna er kunnugt, er jeg alveg eignalaus maður, bilaður að heilsu og vinn ekki einu sinni fyrir mjer og konu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minni; við sem búð í gamals
aldri hún hátt í 70. aldri og jeg
sextugur, og sem að öllu leyti á
vegum tengdasonar okkar Stefáns
skipstjóra Pálssonar, sem að
mikklu leyti verður að standa
straum af okkur og leggja okkur
til fæði vinnulaun mín eins
og jeg á hefið fram hrökkva
ekki til framfæris okkur hjónum,
því hefir kona mín nú: nóg
á verið ofar til allra sinna
og verk, sem liggjandi meira
og minna. - Sjálfur var jeg
miðsins hluta sumars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá einum sökum veikinda (gigtar), og ósýnt að jeg verði eftirleiðis fær um starfsemina. –

Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að mælast til þess að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli burtu útsvar það, sem hún hefir lagt á mig.

Virðingarfyllst

Þórður Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G. Björnsson
læknir
heima kl. 2-3
Reikjavík
Amtmansstig 1

Mjer er kunnugt um það, að Þóra Jónsdóttir, kona Þórðar Jónssonar, hefur lengi verið brjóstveik, og ekki fær um neina áreinslu. —

Reikjavík 16/12 98

G. Björnsson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Einars Jónssonar, Laugavegi Nr 25.
Rvík.

N.jfn. Rvíkur, 25. jan., 1899.

Lækkun sjálfsskatta
kæru yðar,

Á auka-útsvars-kæru yðar, dags. 16. desbr. f. á. lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, með tilliti til ástæðna þeirra, sem tilgreindar eru í kæru yðar, að færa niður útsvar það, sem yður var gjört fyrir yfirstandandi ár í síðastl. nóvembermán:, ~~að eins~~ ~~úr 8 kr.~~, um 4 kr., eða úr 8 kr. niður í 4 kr: —

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

No 29/1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nº 30/1898. – 24/12. 98.

1898 – 25,00

Lækkað niðr 7 Kr. – Ofan: 18,00 Kr.

Með því að eg hefi orðið þess áskynja, eftir framlagðri skrá yfir aukaútsvör í Reykjavíkurbæ, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, hefir lagt á mig aukaútsvar að upphæð Kr. 25.00, þá finn eg ástæðu til, í samanburði við marga aðra, að krefjast þess; að hinni heiðruðu nefnd mætti þóknast, að færa það niður um Kr. 17.00.

Til samanburðar vil eg fyrst og fremst benda á hr. Málafærslumann Odd Gíslason er hefir ca. Kr. 2000.00 í laun, en enga fram að færa nema sig og konuna, en eg hefi aðeins 800 krónur á ári, til framfærslu okkar hjónunum með 4 ómaga. Hr. fullmegtugur N. B. Nielsen hefir Kr. 30.00 í aukaútsvar, einhleypur maður með ca. Kr. 1500.00 í laun. Factor Ólafur Árinbjarnarson Kr. 20.00, og Kaupm. Þórður Guðmundsson á Hól Kr. 10.00, hinn síðast nefndi á húseign og hefir nokkra verslun, en vegna ókunnugleika get eg ekki bent á fleiri.

Að þessu öllu vel athuguðu, vona eg að hin heiðraða nefnd sjái, að það er ekki nema sanngjarnt, sem eg fer fram á, og finni ástæðu til þess að verða við áskorun minni.

Reykjavík 16. Des. 1898

Jón Jónsson

frá Þverá

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hra verzlunarmaður Jón Jónsson
frá Þverá.
Reykjavík.

Úr Njfnd. Rvíkur, 25. jan., 1899.

Bréf Yðar dags. 11. f. mán., útaf
útsvari því til bæjarsjóðs yfir-
standandi ár, sem niðurjöfnunar-
nefndin gjörði Yður í síðastl. nóvem-
bermán., og sem var að upphæð 25 kr.,
hefi jeg lagt fyrir nefndina, og hefur
hún, með tilliti til atvinnu yðar,
er því gefið skýrslu um í bréfi Yð-
ar og nefndinni voru áður ókunn,
lækkað útsvarið um __7 kr.__, það er
að segja ~~ofan í~~ niður í __18 kr.__ –

Þetta tilkynnist Yður hjer-
með í umboði nefndarinnar. –

№ 30/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjav

Óbreytt.

No 31/1898. — 24/12 98.

Hinni heiðruðu niðurjöfnunar-
nefnd í Reykjavík hefir við
síðustu niðurjöfnun þóknast að leggja
á mig 10 krónur í auka útsvar.
En með því að mjer finnst þetta
útsvar of hátt sett á mig í saman-
burði við aðra gjaldendur bæarins,
leifi jeg mjer að fara um það nokkr-
um orðum.
Vil jeg þá fyrst skýra nokkuð frá
ástæðum mínum. Jeg er fjelaus
maður með heilsulitla konu og barn
hef ekki öðru á að lifa en því, sem
jeg get unnið mjer inn með dag-
launa vinnu, sem er helst til stopul
nú langan tíma enga vinnu haft
og hefi enga von um vinnu fram
að vertíð.
Eins og hin háttvirta fátækrastjórn
í Reykjavík mun muna, þegar jeg
síðast liðinn vetur sótti um tíma-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsmennsku leifi í Reykjavík gat jeg þess að jeg ætti engar eigur, svo nefndin getur ekki hafa haft ummæð fyrir augonum að leggja á en þessi stöpulu daglaun mín.

Jeg verð að játa það að jeg er of ókunnugur hjer til að geta sagt að of lítið sje lagt á þennan eða hinn. Þó vil jeg leifa mjer að nefna 4 menn rjett af handa hófi, sem mjer getur ekki betur skilist en hafi of lágt úsvar í samanburði við mig. Það er þá fyrst Guðmundur Guðmundsson á Vegamótum sem á stórt hús og tún og hálft þil-skip og er að margra áliti talinn efna maður með 1 ómaga hann á ekki að greiða nema 20 krónur það er ekki nema helmingi meira en jeg. Annar Jón Arnason bókhaldari sem jeg heiri sagt að hafi undir eða yfir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1000 kr. í fastalaun um árið hann á
að greiða 14 kr. í aukaútsvar ekki
nema 4 kr. meira en jeg. Þriðji Jón
Þórðarson, sem ljet byggja í sumar tví-
lift hús uppá fleiri þúsund kr hann
á að greiða í auka útsvar 12 kr.
Fjórði Guðmundur Guðmundsson frá Kröggólfs-
-stöðum sem sagt er að eigi hús og hafi
vinnumann og vinnukonu hann á að
greiða 6 kr. í auka útsvar.
Þó jeg nú nefni þessa menn, getur
vel verið að aðra hefði fremur mátt
til nefna, en því veldur ókunnug-
-leiki minn. Jeg vona þetta nægi
til að sína ójöfnuðinn, sem jeg
tel víst að nefndin sjái við nánari
yfirvegun. Krafa mín er að mitt
útsvar verði lækkað í það minnsta
um 6 krónur.

Virðingarfyllst
Magnús Sigurðsson
(frá Skildinganesi)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Magnúsar Sigurðssonar frá Skildinganesi,
nú í Reykjavík.

B. Nefnd. Rvíkur, 25. jan. 1899.

Aukaútsvarskæru yðar, sem er ódagsett, en kom í mínar hendur 24. desbr. f. á., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, eptir að hafa athugað alla málavöxtu, að kæran yrði eigi tekin til greina, og að aukaútsvarið fyrir yfirstandandi ár, sem yður var gjört í síðasta nóvembermánuði; að upphæð 10 kr., skyldi standa óbreytt. – Þjer eruð alveg nýlega komnir hingað í bæinn, að fengnu bæjarleyfi, og eptir skýrslu þeirri, er þjer þá gáfuð um allan hag yðar til þess að öðlast bæjarleyfið, getur eigi komið til mála, að áliti nefndarinnar, að þjer komist af með að greiða lægra gjald til bæjarþarfa en hið ofantalda, einkum þar sem þjer megið heita ómaga-laus maður. –

No 31.
1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. – 90,00
1898. – 95,00

af alm. ástæðum

№ 32/1898. – 27/12. 1898.

Síðustu ár hefir auka-útsvar Félagsprentsmiðjunnar verið sett of hátt, sérstaklega óhæfilega hátt í samanburði við Ísafoldarprentsmiðju, og get ég sem forstöðumaður Félagsprentsmiðjunnar ekki dregið það lengur, að láta í ljós óánægju mína með það að niðurjöfnunarnefndin hefir nú gert Félagsprentsmiðjunni 95 Kr. útsvar, eða 5 Kr. hærra en í fyrra.

Eins og hinni heiðruðu nefnd ætti að vera kunnugt, hefir samkepni með prentun aukizt meira síðustu árin en dæmi hafa verið til áður, þar sem tvær nýjar prentsmiðjur hafa bæzt við hér í bænum, og hefir þessi samkepni því orðið einungis þungvæg fyrir Félagsprentsmiðjuna, en að líkindum gert Ísafoldarprentsmiðju lítið sem ekki til, af því sú prentsmiðja hefir fasta atvinnu fyrir stjórnina og þingið, sem engin samkepni kemst að.

— Í öðru lagi hefir peningaleysið og viðskiftavandræðin út um landið komið mjög hart niður á Félagsprentsmiðjunni, af því að blaðamenn og bókaforleggjarar

hefir skeð miklu ver í stílum við prentsmiðjum
en áður, svo að hún á stórfé útistandandi,
sem telja má að nokkru leyti tapað.

Annars er ekki ófróðlegt að geta þess að
fyrir bezt hefir árað fyrir Félagsprentsmiðjunni,
hefir umsetning hennar öll að eins náð
sömu upphæð sem Alþingistíðinda-prent-
unin ein í Ísafoldar-prentsmiðju.

Frekari samanburð á tekjum þessara
tveggja prentsmiðja finst mér ekki þurfa
að sýna, en leyfi mér að krefjast þess
að hún heiðraða nefnd færi aukaútsvar
~~þetta~~ niður í 70 kr.

Reykjavík 27. des. 1898

Virðingarfylst
Halldór Þórðarson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

Herra bóksali Halldór Þórðarson
fyrir Fjelagsprentsmiðjuna,
Reykjavík.

Nefnd. Rvíkur, 25. jan. 1899.–

Kæru þá, dags. 27. f. m., sem þjer fyrir hönd Fjelagsprentsmiðjunnar hafið sent niðurjöfnunarnefndinni, yfir auka-útsvari því fyrir yfirstandandi ár, sem nefndin lagði á Fjelagsprentsmiðjuna í síðastl. Nóvembermán., að upphæð 95 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar skyldi eigi takast til greina, og að útsvarið þess vegna skyldi standa óhaggað.–

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð, herra bóksali, eptir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt benda á það, að nefndin átti nú eptir skipun bæjarstjórnar að jafna á gjaldendur miklu hærri upphæð en í fyrra (hækkunin er c. 3200 kr.), að þessi hækkun hlaut að koma fram á einhverjum hinum betri gjaldendum bæjarins, að nefndin taldi prentsmiðjuna í þessum flokki, og að útgjaldið var, samkvæmt þessu, tiltölulega hækkað, eða að eins um einar 5 kr.– Auk þess þykjast nefndarmenn hafa fulla vissu fyrir því, að atvinnurekstur prentsmiðjunnar hafi gengið og gangi mikið vel.–

No 32/1898.–

Lenn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. – kr 110,00. – 1896. – kr. 100,00
1898. – – 110,00. E

Nr 33/1898. – 27/12 98.

Stendur óbreytt

Af niðurjöfnunarskrá yfir aukaútsvör Reykjavíkurbæjar 1899, sem nú hefir legið til sýnis, sé eg að nefndin hefir gert mér 110 kr. aukaútsvar eins og í fyrra. Jafnvel þótt útsvar mitt hafi verið alt of hátt að tiltölu síðastliðin ár, hefi eg þó ekki kært það og því mér hefir leiðst að eiga í þessum umkvörtunum ár eftir ár, en nú þykist eg ekki lengur geta orða bundist, enda hafa ástæðurnar breyzt.

Eg þykist sjá, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd muni að miklu leyti hafa bygt ástæðurnar fyrir þessu útsvari á skattskránni, þar sem mér eru gerðar 1200 kr. netto-tekjur af atvinnu og 600 kr. netto-tekjur af eign. En eftir að eg hefi sannfært skattanefndina um það reikningslega, að síðastliðið ár voru atvinnutekjur mínar að eins 751 kr. 51 e. og eignartekjur að eins um 390 kr. hefir hún samkvæmt því fært niður tekjuskatt minn. Tekjur mínar eru því að eins 1141 kr. 50 au. Þegar þess er gætt, hve lágt útsvar þeim er gert að greiða, sem hafa álíka miklar árstekjur, liggur það í augum uppi, að þessar tekjur geta alls ekki heft það gjaldþol sem nándar-nærri samsvari því útsvari, sem nefndin leggur á mig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Án þess að nefna nokkra einstaka gjaldendur til samanburðar, vil eg því óska, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd gæti sannfært mig um á hvaða ástæðum hún byggir það, að tekjur mínar hefi slíkt gjaldþol.

Að endingu vil eg krefjast þess, að niðurjöfnunarnefndin færi útsvar mitt niður í 80 kr.

Reykjavík 27. des. 1898

Virðingarfyllst

Halldór Þórðarson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókbindari Halldór Þórðarson,
Rvík.

Í Niðurjöfnunarnefnd Rvíkur, 25. jan. 1899.

Í að upphæð 110 kr.,

No 33/1898. —

Aukaútsvarskæru yðar, dags. 27. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, eptir að hafa athugað málavexti, að útsvar það til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, sem yður var gjört í síðasttl. nóvembermánuði, skuli standa óhaggað, og að kæra yðar verði því eigi tekin til greina ~~tekin~~.

Um leið og jeg eptir fyrirlagi nefndarinnar tilkynni yður þennan úrskurð hennar, skal jeg taka fram sem ástæður fyrir ~~þessari synjun hennar~~, synjaninni, að aukaútsvarsupphæð bæjarfjelagsins hefir hækkað mjög mikið síðastliðið ár (um c. 3200 kr.), að þessari gjaldhækkun átti nefndin að jafna á gjaldþegna bæjarins; að tiltölulega mjög fáir góðir gjaldendur hafa flutzt til bæjarins ~~síð~~ og bæzt við gjaldendaskrána síðastl. ár, og að fyrir þessar sakir þótti nefndinni það eigi geta komið til mála, að lækka útsvar yðar frá því sem það var næst undanfarið ár, en þá var það einnig 110 kr., þar sem það [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

efnaður maður, einkanlega eigið
mikið fje í fasteignum, hafið
þessutan góða atvinnu við bókband
og prentiðn, og ~~verið ómagalaus að~~
eigið fyrir þessari lítilli ómegð að
sjá. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-1899. -14,00.
-1898 - 18,00

No 34/1898. - 27/12.98.

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að kvarta yfir aukaútsvari því, er á mig hefur verið lagt, fyrir árið 1899 síðastl. haust og fara framá að það verði lækkað, en gjald þetta er að upphæð 18 Krónur eður 4 Kr. hærra en í fyrra.-

Gjald það, sem á mig var lagt í fyrra, fannst mjer fullhátt, næstum ofhátt í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur; og ástæður mínar hafa eigi breyst neitt - til batnaðar árið sem er að líða.-

Jeg hafði að vísu stöðuga daglauna vinnu síðastl. sumar, en það höfðu svo margir aðrir, sem lítið eður ekkert hefur verið hækkað á.-

Jeg sje því ekki sjeð að hin umrædda hækkun sje á gildum rökum byggð,- og ekki getur mjer skilist að það sje sanngjarnt, að láta efnalítinn daglaunarmann,

Lækkað um 2 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem í hæzta lagi getur unnið sjer
inn 4–500 Kr. á ári borga 18 Kr.
gjald, þegar aðeinhleypir verzlunar-
armenn með miklu hærri árstekjum
greiða talsvert lægra gjald.–
Þaraðauki er gjald mitt hærra
en á flestum eða öllum öðrum
daglaunarmönnum, sem eigi
annað hvort hafa vinnumenn eða
þá eiga talsverð efni.
Vona jeg því að hin
heiðraða nefnd færi hið
umrædda aukaútsvar mitt
talsvert niður

Reykjavík 27 desembr 18..

Virðingarfyllst
Þorbjörn Bjarnason

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjer

naa-
kjum

rra
r

eða

ín

7 desembr 1899

er
rk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Þorbjarnar Bjarnasonar,
Rvík.

Í N.jfn. Rvíkur, 25. jan., 1899.

Útaf kæru yðar, dags. 27. f. m., hefi jeg lagt fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá; að útsvar það til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, sem yður var gjört ~~að greiða í síðast~~ með niðurjöfnuninni í síðastl. nóvembermán.; að upphæð 18 kr., skuli lækkað um 2 kr., sem sje niður í 16 kr. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þennan úrskurð eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að nefndin treystist eigi til að lækka útsvarið frekar, hvorki sem litið á hag yðar út af fyrir sig, eða hag allra gjaldenda, hvers vegna þess að útsvars-upphæð bæjarins er miklum mun hærri þetta árið en í fyrra, en hagur yðar virðist eigi hafa farið versnandi, heldur batnandi.

No 34/1898 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík Nýlendugötu 5. 27 Desember 1898

№ 35 / 1898. — 27/12. 98. —

1898. – Kr 10 / 100. (: nú)

1897. – " 10 / 100 –

Heiðraða niðurjöfnunarnefnd í Reykjavíkurbæ!

Ekki til greina. —

Samkvæmt niðurjöfnunarskrá fyrir árið 1899 hef jeg sjeð: að lagt hefur verið á mig 10 Krónur í aukaútsvar, er jeg get ekki fundið ástæðu til að borga í tilliti til míns efnahags.

Jeg þykist viss um að svona hátt útsvar er á mig hefur verið lagt, sjé einungis sprottið af ókunnugleik niðurjöfnunarnefndarinnar og vil eg því leyfa mjer að skýra þar fyrir henni.

Nú yfirstandandi ár sem er að útrenna hef jeg haft um 400 Krónur sem er öll mín árslaun eða atvinnutekjur, þar af verð jeg að borga 100 krónur í húsaleigu. Hjá mjer hef jeg í heimili og eitt barn 20 vikna svo er og Kona mín mjög heilsulítil.

Jeg get ekki gjört mjer hugmynd um, að atvinnuvegur minn eða ástæður verði neitt betri næstkomandi ár en það hefur verið þetta ár.

Sökum þess, að jeg er svo ókunnugur efnum og ástæðum manna hjer í bænum get eg valla borið mig saman við nokkurn er ber til tölulega[ð]leyra bæjargjald en jeg, þá vil jeg leyfa mjer að nefna þá: Jón Árnason frá Garðsauka, og Þórð Guðmundsson frá Glasskoti, – á Jón hefur verið lagt 70 Krónur en á Þórð 65. krónur, jeg þykist viss um að þessir tveir menn beri til tölulega miklið leyra útsvar en jeg, – þar sem ekki er annað sjáanlegt en þeir geti lifað af rentum peninga sinna, svo þeir ættu að líkindum eins hægt með að borga hver um sig eitt hundrað krónur eins og fimm.

Af þessum ástæðum, vona jeg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd: líti á efni og ástæður mínar frá sanngjörnu sjónarmiði og lækki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðra á minnst auka útsvar mitt niður í 4 Krónur

Virðingar fyllst.

Jón Gíslason
(Skósmiður)

Til Niðurjöfnunar nefndarinnar
í Reykjavíkur bæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra skósmiður Jón Gíslason,
Nýlendugötu № 5.

Auka-útsvars-kæru yðar dags. 27. f. mán., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar gæti eigi tekin til greina, og að gjald það til sveitarþarfa, að upphæð 10 kr, sem á yður var lagt í síðastliðnum nóvembermán: fyrir yfirstand: ár, skyldi standa óhaggað. —

Þetta hefir nefndin falið mjer að tilkynna yður, og það jafnframt, að hún álítur ástæður yðar og efnahag svo sæmilegan, að eigi megi lækka þetta aðal-sveitargjald yðar frá því sem það ~~[illegible]~~ var árið næst á undan, en þá var það einnig 10 kr. (o: 1898). Einkanlega skal jeg taka það fram, að nefndin álítur, að tekjur yðar hafi [síðastliðið ár eigi minnkað að neinum mun, og fjárhagur yðar eigi versnað,] ~~[illegible]~~, en á hinn ~~[illegible]~~ bóginn hefir útsvarsupphæð bæjarfjelagsins hækkað að miklum mun. Þykir það því ljóst, að nú megi eigi lækka útsvar yðar til bæjarþarfa, sem tekjur eru og nefndinni hefir verið tjáð að sjeuð atorku- og starfsmaður, og allvel efnaður, eptir því sem um er að gjöra í þessu byggðarlagi. —

Í [illegible], 25. Jan. 1899.

№ 35/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 36/1898. – 28/12.'98. –

Með því að aukaútsvar það, 8 kr., sem mér hefir verið gjört að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkurkaupstaðar fyrir næstkomandi ár, er hærra en mér virðist ég hafa gjaldþol til eptir efnum mínum og ástæðum, þar sem laun mín eru aðeins 300 kr. á ári, auk fæðis og húsnæðis, leyfi ég mér virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að færa nefnt útsvar mitt niður í 5 kr.

Virðingarfyllst.

Laugarnesi 28. des. 1898.

Chr. Gudmundsson

Ekki til greina.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú Christín Guðmundsson, Laugarnesi.

N. Þjóðv. Rvíku 25. jan. 1899.

1 8 kr.

1 ár,

No 36/1898.

Aukaútsvarsskrá yðar, dags. 28. desbr. f. á., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur dags 11. þ. m., og umskoðaði nefndin þá, að kæra yðar yrði eigi tekin til greina, og að upphæð útsvarsins, sem ákveðið var yður yðar við niðurjöfnunina í síðastliðnum nóvembermán. ~~10 kr.~~ fyrir yfirstandandi ár, skyldi standa óröskuð. –

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, heiðraða frú, skal jeg eptir fyrirlagi Niðurjöfnunarnefndarinnar tjá yður, að ~~þótt það~~ hún þóttist eigi geta lækkað útsvarið, enda taldi ~~það eigi~~ alls eigi of hátt, með tilliti til þessa, að þjer hafið að áliti nefndarinnar hafið engum skylduómaga fram að fara, að þjer eruð vinnandi dugnaðarkona, og að þjer eruð peningalaun 300 kr. um árið, hafið „allt frítt“, sem það er kallað, á holdsveikisspítalanum. Taldist því nefndinni svo til að árstekjur yðar væru að minnsta kosti 700–800 kr., og þótti því eigi tiltækilegt að gjöra yðar minna gjald ~~en~~ ~~hinn ummeinda~~ ~~til fátækraþarfa~~ en hið ofannefnda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1898. – 18,00
1897. – 18,00

Nr 37/1898. – 28/12. 98.

Ekki lækkad

Jeg undirskrifadur Einar Magnússon stýrimaður í Rvk. bið hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Rvk-kaupstað að lækka það sveitarútsvar sem hún hefur lagt á mig að borga fyrir árið 1899 sem eru 18 kr. – átján krónur; jeg skal hjermeð bera mig saman við menn sem hafa sömu stöðu og standa eins vel að vígi. það er fyrst þorvaldur Eyjólfsson stýrimaður með 15 kr. fimmtán krónur annar Frímann Finnsson með þaðan að minni; báðir þessir menn standa þeim mun betur að vígi, að hvorugur skuldar sveitinni, en þar í móti skulda jeg gamla sveitarskuld, sem jeg hefi eigi orðið mjer fært að borga sökum fátæktar, og þar að auki er jeg algjörlega eignalaus maður, sem ekki á [illegible] yfir til. þetta vil jeg biðja hinna heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að athuga, og dæma svo eftir því mitt aukaútsvar.

Reykjavík 28 Deseb 1898

Einar Magnússon

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra stýrimaður Einar Magnússon,
Reykjavík.

Nfjd. Rvík, 25. Jan., 1899.

(ótilhlýðilegt)

Útsvarskæru yðar, dags. 28. f. mán., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæran yrði ekki tekin til greina, og að útsvar það fyrir hið yfirstandandi ár, sem nefndin ákvað fyrir yður við niðurjöfnunina í síðastliðnum nóvembermánuði, að upphæð 18 kr., skyldi standa óhaggað.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt geta þess, að það þótti alls ótilhlýðilegt, að leggja nú lægra gjald á yður en næstundanfarið ár, en þá var auka-útsvar yðar einnig 18 kr., þarsem niðurjöfnunar-upphæðin í heild sinni hefur verið ~~fyrir þetta~~ hækkað að mjög miklum mun fyrir þetta ár að því er alla beina snerti (ɔ: um rúmar 3000 kr.), en hagur yðar á hinn bóginn virðist eigi hafa breyzt til hins lakara. – Og að öðru leyti álítur nefndin gjald þetta eigi of hátt fyrir yður eptir efnum yðar og ástæðum. –

No 37/1898. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1898 Magnús Magnússon hefir 30,00 · № 38/1898. – 28/12. 98.
1897. ——————— – 25,00

Þar ég hef séð að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefir hækkað aukaútsvar á Magnúsi syni mínum, þá vil ég gefa nefndinni eftirnefndar upplýsingar um ástæður hans. Nú er hann sem stendur í Kaupmannahöfn til þess að halda áfram námi sínu, og verður að kosta stórfé uppá sig til þess, og miklu meira heldur en hann hefir unnið sér inn á síðastliðnu sumri, auk þess hjálpar hann mér með framfæri.
Jeg vona að hin heiðraða nefnd sjái; eftir það hún hefir íhugað málið, að hann muni ekki geta borið það útsvar, sem nefndin hefir gert honum að borga.

Jeg vona að hin heiðraða nefnd færi því útsvar Magnúsar skipstjóra sonar míns niður, og láti hann í öllufalli ekki borga hærra útsvar heldur en í fyrra.

Lækkað um 5 kr. Reykjavik 28. desember 1898

Virðingarfyllst

Margrét Pálsdóttir.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Margrjetar Pálsdóttur,

Reykjavík

(móður Magnúsar Magnússonar sjóliða)

Í Niðurjöfnunarnefnd Rv., 25. jan. 1899.

No 38/1898.

Þareð þjer með brjefi, dags: 28. f. m., hafið kært yfir því til niðurjöfnunarnefndarinnar, að hún hafi í haust lagt 30 kr: aukaútsvar á son yðar Magnús sjóliða, og beðið að hann nú sje utanlands til að halda áfram ~~[illegible]~~ sjómensku-námi sínu þar, þá gefst yður hjermeð til vitundar, að eptir að jeg hafði lagt þetta brjef yðar fyrir niðurjöfnunarnefndina, úrskurðaði hún á fundi 11. þ. m., að lækka nefnt auka-útsvar sonar yðar um 5 kr., eða niður í 25 kr., eins og það var næstl. undanfarið ár, þótt sonur yðar Magnús Magnússon eigi hafi sjálfur kært ~~yfir~~ útsvari sínu (- sem eigi gat orðið -), ~~eigi~~ heldur gefið öðrum umboð til að gjöra það, eigi einu sinni yður. -

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar ~~fyrir~~ af hálfu niðurjöfnunarnefndarinnar, og skal það jafnframt tekið fram, að lækkunin er eingöngu gjörð vegna utanfarar sonar yðar. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útsv. 30,00.
- 1897. 25,00.

Nr. 39/1898. - 28/12. 98.

†

Hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd hefir aftur í ár hækkað útsvar mitt um 5 kr. fyrir næstkomandi ár, eptir að hún í fyrra færði það úr 18 kr. upp í 25 kr., sem var of mikil hækkun, þótt eg þá, því miður, bæri ekki fram neina kvörtun. Þetta finnst mér ekki vera rétt, og leyfi eg mér því að mótmæla hækkuninni, og skal leitast við að færa ástæður fyrir mótmælunum, sumpart með því að bera mig saman við nokkra aðra gjaldendur, sem eg álít að í samanburði við mig hafi of lágt útsvar (eða eg of hátt í samanburði við þá), og sumpart með því að skýra nefndinni nokkuð frá ástæðum mínum, sem eg verð að halda, að nefndin hafi annaðhvort ekki þekt nægilega eða ekki tekið nægilega til greina.

Til samanburðar tek eg þessa menn:

1. Ásbjörn Ólafsson ómiklara. Hann á að greiða 20 kr. hann er maður með góðum ástæðum, er giftur og á 1 barn. Hann seldi húseign á Akranesi, sem hann mun hafa átt skuldlausa eða því sem næst, og keypti sér aftur hús hér í bænum. Hann hefir í sumar haft stöðuga vinnu og hefir enn. Kona hans er dugleg og heilsugóð og vinnur sér töluvert inn með vinnu sinni. Að mínu áliti hefir Ásbjörn, sem er duglegur smiður, töluvert meira gjaldþol en eg.

Lækkað um 2 kr. (nú 28 kr.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Daniel Daníelsson ljósmyndari á að greiða 15 Kr. Hann hefir ekki mikla ómegð, og eg þykist mega fullyrða, eptir sögu hans sjálfs, að hann hafi í laun yfir 1000 Kr, og er það meira en atvinna mín gefur af sér.

3. Jón Sveinsson snikkari á að greiða 40 Kr. Hann er einhleypur maður, hefir haft fasta og vel launaða vinnu og 3-4 verkamenn, sem hann fær laun fyrir; hefir keypt góða húseign, sem miklar skuldir munu ekki hvíla á. – Eg álít að hann hafi meira en tvöfalt gjaldþol á við mig.

4. Guðmundur Þórðarson snikkari frá Neðra-Hálsi á að borga 35 Kr.; er einhleypur, duglegur smiður, sem hefir stöðuga og góða atvinnu og mun hafa góðan efnahag.

5. Jóhannes Jósepsson snikkari á að borga 36 Kr. Hann er maður, sem hefir haft og hefir fasta vinnu, er ógiftur og barnlaus, og hefir 2 pilta í vinnu, sem læra hjá honum; mun hafa tölvert efni. – Gjaldþol þessara tveggja síðast töldu álít eg vera fullkomlega tvöfalt á við mig.

6. Borgþór Jósepsson verzlunarmaður á að gjalda 16 Kr.; hefir góðar ástæður og góða atvinnu, og mun eiga tölvert hægra með að borga útsvar sitt en eg.

7. Hannes Thorarensen verzlunarmaður á að gjalda 35 Kr.; er einhleypur maður með góðum efnum, hefir í mörg ár haft góða stöðu og mun þetta ár hafa fengið góða launa-viðbót. Eg álít hann hafa meira en tvöfalt gjaldþol á við mig.

Samanburður við greinda 7 menn – til þess að eg nemi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hér staðar — vona eg að sannfæri nefndina um, að mitt útsvar sé sett ósanngjarnlega hátt.

Þarnæst skal eg taka fram, að efnahagur minn er enganveginn svo góður, sem nefndin virðist ætla, og áreiðanlega er hann ekki betri nú en fyrir 3-4 árum, þegar útsvar mitt var 16-18 Kr. Heilsa mín er ekki sterk og í fyrravetur var eg lengi veikur og gat enga vinnu stundað. Eg held að vísu nú 2 námspilta, sem báðir komu til mín í vor, en annar þeirra hefir nú legið í 7 vikur og tálmast þá allri vinnu og er óhraustur enn. Eitt barn á eg innan fermingar og hefi tekið af fátækri dóttur minni ungt barn, sem eðlilega er þungur ómagi. En mesta áherzlu hlýt eg að leggja á það, að kona mín, sem ávalt hefir haft mjög veika heilsu, hefir þetta ár átt við enn meiri heilsubrest að búa en að undanförnu, og þarf eg ekki að lýsa því fyrir nefndinni, hverja þýðingu þungt og viðvarandi heilsuleysi húsmóðurinnar hefir fyrir allan hag heimilisins. — Vinna mín hefir þetta ár gefið mér ekki meira, heldur minni arð en næstu ár á undan; atvinnan við barnaskólann varð mér endasleppari en eg bjóst við. — Á húseign minni, sem er mín eina eign, hvíla miklar skuldir, sumar þinglesnar, sumar óþinglesnar, alt að hálfu fjórða þúsundi, og er þá ekki mikið eftir sem eiginleg eign.

Samkvæmt öllu framangreindu álít eg, að útsvar mitt ætti ekki að vera neitt verulegt yfir 20 Kr., og treysti eg svo sanngirni nefndarinnar, að hún að minsta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosti <u>hækki það ekki</u> upp úr þeim 25 Kr., sem eg galt þetta ár. – Skyldi nefndin móti von minni ekki taka þessa kröfu til greina, verð eg til vara að krefjast lækkunar á öllum hinum 7 tilnefndu mönnum.

Reykjavík, 27. December 1898.

Sveinn Sveinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra snikkari Sveinn Sveinsson, Rvík.

Ngr. Rvík, 25. Jan., 1899.

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef yðar, dags. 27. f. m., þar er þjer kvörtuðuð yfir aukaútsvari því, að upphæð 30 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarsjóðs á yfirstandandi ári, lagði jeg þetta kvörtun yðar fyrir nefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að færa útsvar yðar niður um 2 kr., eða ~~þannig~~ niður í 28 kr.

Þessu málalok tilkynni jeg yður hjer með, herra snikkari, og skal jafnframt geta þess, að nefndin þóttist eigi geta fært útsvar yðar frekar niður vegna þess, að hin heimtaða aðalútsvarsupphæð [fyrir byrjun] eykst ár frá ári, (~~frá síðan um 3200 kr.~~) og jókst nú ~~ein-mitt~~ þetta ár um c. 3200 kr., að ~~á~~ ~~fáir mig velmegandi gjaldendur hafa~~ ~~bezt~~ engir gjaldendur hafa bæzt bæjarfjelaginu síðastliðið ár, sem nokkuð kveður að, en all margir [eða þeir búnir,] fallið frá, [verulega] að auðvitað bæjargjalda hlytu því að koma niður á ~~þeim~~ borgurum bæjarins yfirleitt; og að það þessvegna eigi gat ~~talizt~~ álitizt rjett, að láta til ~~mig~~ snikkara muna útsvar á yður, sem með hús eigandi í bænum, sterkum dugnaði og reglusemi hafið [illegible]

No 39/1898.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnu, velbergaðr, jafnaðarlegast fyrir ~~almennar stefs~~ hið opinbera, eða almenna stefnanni, og mun enginn óánægjumaður, eptir því sem hjer er kallað. — Nefndinni var kunnugt um heilsuleysi konu yðar, og hefur jafnan haft hana fyrir augum, er hún hefur gjört yður útsvar, og eins þóttist hún vita það, að þjer þyrftu styrktar dóttur yðar, sem er fyrir norðan, þótt nefndinni eigi væri það áður vitanlegt, að þjer þegar væruð búinn að taka að yður til uppfósturs dótturbarn yðar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik d: 28/12 1898. No 40/1898. – 29/12. 98.

Til

Ligningskommissionen for Skattevæsenet i Reykjavik.

Eptirlitning 25,00.

Paa Foranledning af at den høje Lignings-Kommission har paalignet og tilsendt mig en Skatte-regning for Aaret 1899 lydende paa 52,43 Kr maa jeg bemærke at jeg ikke kan tage imod Regningen som den er stilet, da jeg formener at den burde stiles til General Booth som er Grundejer eller Frelsens Hær.

Med Hensyn til den første Post om "Aukautsvar" paa omhandlede Regning da er 25,00 Kr utvivlsomt alt for meget. Mine personlige Indtægter har kun givet os et yderst tarveligt Udkomme, dersom det er dette der tilsigtes i denne Post.

Maaske at jeg burde bemærke at denne Post findes ikke paa Skatteregningen for Aaret 1898.

Jeg vedlægger sidste Aars Skatteregninger i kvitteret Stand til Sammenligning og ligeledes et Dokument udstedt af Notarius Publ. i London der forklarer min Stilling og overhovedet alle vore Offi-cerers Stilling til de Penge der tilflyder os gjennem vore Møder etc.

Haabende at den høje Ligningskommis-sion vil imødekomme mig i saa Henseende.

Med Højagtelse
Ærb.
Hans Chr. Bojsen

Hr Bojsen mættr [illegible]. –
Kr.

Stendr óbreytt
dómstólaspursmál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Hans Chr. Bojsen,
Salvation Army,
Reykjavík.

Rvík, 25. Jan. 1899.

Aukaútsvars-kæru yðar, dags. 28. f. m. hefi jeg meðtekið, og lagt fyrir niðurjöfnunarnefndina. Var kæran rædd og úrskurðuð á fundi nefndarinnar hinn 11. þ. m.

Niðurjöfnunarnefndin komst að þeirri niðurstöðu á fundi þessum, að hún gæti eigi leyst yður við gjald það til ~~hins almenna~~ fátækrasjóðs, sem hún í síðastliðnum nóvembermán: gjörði yður að greiða, og sem var að upphæð 25 Kr. —

Nefndin álítur að þjer eigið fyrir hönd fjelags yðar eða að öðrum kosti fyrir yður sjálfann að greiða ~~eitthvað~~ gjald nokkurt til bæjarsjóðs sem aukaútsvar, með því að þjer eigið hjer stóra húseign, eruð hjer búsettur, rekið hjer atvinnu að góðu leyti, og verðið því að sæta sömu lögum og aðrir borgarar í þessu bæjarfjelagi. — Að snúa sjer að General ~~Um upphæð útsvarsins (25 Kr.) er sagt nei dæla, og hitt getur eigi komið til tals eptir fjelagsins lög~~ ~~um að~~ Booth [ getur eigi komið til ~~tals~~ mála eptir hjerlendum lögum. Upphæð útsvarsins, 25 Kr., þykir nefndinni enn eptir atvikum [illegible]

[ í þessu efni, sem og ~~því~~ drepið á í brjefi yðar,

No 40/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hæfilega ákveðin. —

En um leið og jeg tilkynni yður
þetta fyrir hönd niðurjöfnunar-
nefndarinnar, hefi jeg heimild
til þess að tjá yður, að spurn-
ingin um útsvars-skyldu fjelags-
bersins sæti úrlausn dómstól-
anna. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. – Kr 130,00.

nú það sama (1898)   No 41/1898. – 28/12. 98.

Reykjavik 28 desbr. 1898

Ekki til greina. —

vísast til bæjar-

Jeg hafði búist við, að jeg mundi geta komist hjá að kvarta undan útsvari mínu hjer í bæ , en þegar hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd ár eptir ár leggur á mig aukaútsvar á annað hundrað krónur, sem alls ekkert ætti að vera, get jeg ekki leitt hjá mjer að kvarta undan því, og sýna nefndinni fram á ósanngirni þá, sem jeg verð fyrir.

Frá 1 ágúst 1896 til 31 júlí 1897 hafði jeg enga atvinnu, heldur þurfti að kosta miklu fje til að kynna mjer póstmál bæði hjer á landi og í útlöndum, en frá 1 ágúst 1897 var jeg skipaður póstmeistari, og hafa tekjur og gjöld mín þetta fyrsta embættisár mitt verið svo sem hjer segir

A. Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Laun póstmeistara | Kr 2400.00 | |
| 1‰ af póstávísunum | – 245.47 | |
| Endurgjald fyrir skrifstofukostnað | – 1675.00 | |
| Brjefberi í Reykjavík | – 50.00 | Kr. 4370.47 |

B. Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Laun Sigurðar Þorlákssonar og sjóðþurð hjá honum | Kr 1173.18 | |
| Laun Carl Finsens og sjóðþurð hjá honum | – 1055.41 | |
| Húsaleiga borguð ekkjufrú M Finsen | – 550.00 | |
| — W. Christensen | – 20.00 | |
| Laun Vilhjálms Jónssonar | – 300.00 | |
| — Jónasar Jónssonar | – 84.00 | |
| Ræsting til Kristínar Jónsdóttur | – 25.00 | |
| Ritföng og fleira | – 200.00 | |
| Útburður á brjefum | – 160.00 | |
| Vöntun í frímerkjasending til Akureyrar og Arnarholts | – 120.00 | – 3687.69 |
| | | Kr. 682.78 |
| + Við tekjurnar má bæta vöxtum af peningum í banka | | – 50.00 |
| Laun mín og aðrar tekjur alls | | Kr 732.78 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á þessum 732 kr 78 a. hvíla ennfremur ýmislegar ábyrgðir, sem hljóta að lenda á manni, sem er reikningshaldari fyrir 170 pósthús.

Af þessu getur hin heiðraða nefnd sjeð, hve ósanngjörn hún hefir verið gagnvart mjer, síðastliðið ár. Jeg skal til frekari skýringar beta við áætlun yfir tekjur mínar og gjöld á mánuði hverjum um

A Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Póstmeistaralaunin | kr 200.00 | |
| Endurgjald fyrir skrifstofukostnað | " 150.00 | kr 350.00 |

B. Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Laun Sigurðar Þorlákssonar | kr 60.00 | |
| " Carls Finsen | " 50.00 | |
| " Guðna Eyjólfssonar | " 40.00 | |
| " Vilhjálms Jónssonar | " 66.66 | |
| " Jónasar Jónssonar | " 7.00 | |
| " Þvottakona | " 6.00 | |
| Steinolía | c " 10.00 | |
| Kol | " " 25.00 | |
| Ritföng og fleira | " " 20.00 | |
| Útburður brjefa | " " 18.00 | " 302.66 |
| | | 47.34 |

og með þessum 47 kr. 34 a. verð jeg að mæta öllum þeim ábyrgðum, sem kunna að falla á eitt hið ábyrgðarmesta embætti landsins.

Jeg vona hin háttvirta nefnd fái af þessu hugmynd um, þótt fljótt sje yfir sögu farið, hvað jeg hef að lifa á og borga með há útsvör, og jafnframt því að bera útsvar mitt, sem samkvæmt samskonar meðlimum reikningi er ákveðið 130 kr., saman við útsvör allra borgara bæjarins, krefst jeg þess, að það sje algjörlega fellt burtu eða lækkað svo, að það sje eigi í ósamræmi við útsvör allra gjaldenda þessa bæjar.

Virðingarfyllst

Sigurður Briem

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra póstmeistari Sigurður Briem,
Reykjavík. —

N. f. N. Ritari, 25. Jan. 1899.

Hinn 28. dag f. m. senduð þjer
mjer kæru yfir auka-útsvari því,
sem niðurjöfnunarnefnd Reykja-
víkur hafði ákveðið fyrir yður
í síðastliðnum nóvembermánuði,
en nefndin hafði þá gjört yður
130 kr. gjald, og er það ~~til þessa~~
[jafnt gjald,] ~~sem~~ lagt var á yður næsta
ár á undan. — Og kærið þjer fram
því það á flest, að þjer [verðið] ~~sjeuð~~ al-
gjörlega losaður við allt auka-út-
svar, eða að það þó að minnsta kosti
sje lækkað svo mjög, að það eigi eigi
í ósamkvæmni við útsvör allra gjald-
enda þessa bæjar. ~~eins og þjer hafið~~
~~orðað það~~ Þannig hafið þjer
orðað kæru yðar, og þessa kæru
lagði jeg fyrir [niðurjöfnunar]nefndina á fundi
hennar hinn 12. þ. m. Eptir að nefnd-
in hafði athugað og rætt kæruna,
komst hún að þeirri niðurstöðu, að
taka hana eigi til greina að neinu
leyti. —

Þennan úrskurð nefndarinnar
tilkynni jeg yður hjermeð, herra
[póstmeistari] ~~bæjarfógeti~~, og skal jafnframt
[skýra] yður frá nokkrum þeim ástæðum,
sem úrskurðurinn er byggður á,
en þær eru, að þjer hafið ...

[sem aukaútsvar hjer í bæ fyrir yfirstandandi ár,]

No 41/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undanfarin ár aflað sjer og sjeð
þar af leiðandi öðrum auðugri mönnum,
að þeir hafið ríflega, ~~og þó meðan~~
~~þeir voru í [illegible] [illegible]~~, ~~að-~~
~~[illegible]~~ embætti, sem hingað til hefur *(margin: fengið)*
verið talið lífvænlegt hjer á landi, *(margin: 2 mjög vel)*
að þeir eru einhleypir menn, og
hafið hvorki fyrir konu, börnum nje
öðrum skyldu-ómögum að sjá; ~~[illegible]~~
~~þá sem nefndinni er kunnugt~~, ~~að á-~~
~~[illegible] embætti [illegible] hingað til hefur~~
~~fært sínum manni, og það fullt hana~~
~~[illegible] fjölskyldu~~, og að nefndin
eigi ~~þykist~~ getur tekið tillit til
þess, hvern halla þeir segist ~~bera~~ líða
við misdeilingu á skrifstofu-fje sínu;
því að þann halla mundu þeir annaðhvort
fá endurgoldinn af skrif-
stofufjenu sínu, eða úr lands-
sjóði. –

Af þessum ástæðum þykist nefndin
eigi geta lækkað auka-útsvör sín
frá því sem það var síðastliðið ár, enda mundi
það og þykja undarlegt frá öðru sjónar-
miði, sem sje því, að niðurjöfnunar-
gjaldið er 3 til 4 þúsund krónum hærra
~~en það~~ þetta ár, en það var ~~í fyrra~~
síðastliðið ár, og hefur þessum gjald-
auka verið jafnað á bæjarbúa. Þegar svo
á stendur þykir nefndinni það harla varhuga-
vert að lækka gjöld gjaldenda eða fella
þau niður, og vill heldur óska, að
[illegible] hjá átt sje stefnt til
bæjarstjórnarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af sent til oddv. № 42/1898. – 30/12.98.

til bæjarstjórnar.

Þar eð jeg eptir að hafa yfirlitið
Útsvarsskrá bæjarmanna í Reykjavík
hefi glögglega sjeð að hin heiðraða niðurjöfnunar-
-nefnd hefir verið ókunnugt um ástæður mínar
og þar af leiðandi lagt á mig sama útsvar og
síðastliðið ár nefnil. 20 Kr. sem að mínu áliti
er alltof hátt í samanburði við annara bæjarmanna
útsvör, er það því vinsamleg tilmæli mín að hin
heiðraða niðurjöfnunarnefnd vildi lækka hið áður-
nefnda útsvar mitt.

Ástæður fyrir beiðni minni, vil jeg tilnefna
sjerstaklega, að jeg á síðastliðnu vori misti atvinnu
þá er eg áður hafði, og til þess að jeg geti haft atvinnu
af iðn minni er jeg hafði lært, þarf jeg að fá
mjer lán til að fá mjer verkfæri og verkefni, sem
(að minsta kosti) sumir í hinni heiðruðu niður-
jöfnunarnefnd þekkja, að eru mjög dýr og borga
sig ekki á fáum árum, eins vil jeg takka það
fram að jeg hef fyrir ómaga að sjá.

Virðingarfyllst

Reykjavík 30/12 – 98

Gísli Guðmundsson
bókbindari

Til
niðurjöfnunarnefnd
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókbindara Gísli Guðmundssyni,
Reykjavík.

Úr Nýjbl., 25. Jan. 1899.

Með brjefi yðar, dags. 30. f. mán. lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og hjelt nefndin þá í fyrstu, að kæran væri of seint fram komin, og ~~með það að álitum að vísa henni frá~~ var það úrskurðað, að vísa henni frá.—

Annars eru engin líkindi til þess, að nefndin hefði ~~séð fyrir til þess~~, ~~að~~ lækkað gjald það, sem hún hefur lagt á yður fyrir yfirstandandi ár, og sem að upphæð 20 kr., því að gjald þetta er jafnhátt gjaldi því, sem lagt var á yður næsta ár á undan, en gjöld bæjarbúa hefir yfirleitt hækkað að miklum mun þetta ár; þurfa því að koma fram og sannast alveg sjerstaklegar ástæður til þess að útsvör manna, sem eru á sama reki og þjer eruð, og eiga við líkan kost að búa, sjeu lækkuð í ár frá því sem þau voru í fyrra.

Annars álítur ~~hjelt~~ niðurjöfnunarnefndin ~~það yður~~, að það væri innanhandar ~~fyrir yður gatað reynt~~ fyrir yður, að leggja ~~[illegible]~~ fyrir bæjarstjórnina.

No 42/1898.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

of senit. — ✝ No. 43 / 1898. 30/12 '98

Hjer með leifi jeg mjer að skrifa hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, til þess að láta í ljósi, óánægju mína, útaf aukaútsvari mínu mínu fyrir næsta ár. Fyrir fyrra ár þóknaðist nefndinni að hækka útsvar mitt um 10. Kr. og ýmindaði jeg mjer að hún hafi þá ekki verið nægilega kunnug efnahag-hag mínum og ástæðum, og enn hefir henni þóknast að færa útsvar mitt upp; mjer getur það ekki annað fundist, en að auka-útsvar mitt sje altof hátt. fyrst og fremst í samanburði við mína samyðnaðar menn o.fl. og sömuleiðis þegar ástæður mínar eru rjett skoðaðar. Til samanburðar skal jeg nefna járnsmið Ólaf Þórðarson hann er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefur líkan vinnukrapt og
jeg en hefur 30 Kr. í aukaútsvar
en jeg hef 5 börn sem jeg á
sjálfur og 1 sem jeg guðsluka vegna
hef tekið af ekkju Ólafsheitins
Guðmundssonar sem drukknaði
af skipinu „Geir" ennfremur hef jeg
aldraða móður sem jeg finn skildu
mína að annast. Fleiri gæti jeg
nefnt til samanburðar, en mjer
finnst ekki þörf til þess í þettað
sinn. Þótt jeg hafi færst töluvert
í fang með byggingu þá er það
algerlega skuld sem á mjer hvílir.
Jeg vona að hin heiðraða nefnd,
taki brjef mitt til greina með
því að færa aukaútsvar mitt niður.

Vestur götu 33. 28/12 1898

Virðingarfyllst.

Þorsteinn Jónsson
járnsmiður

Lækkað um 3 Kr.
úr 35 í 38 Kr.
Vísað til bæjarstjórnar

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra járnsmiður Kristinn Jónsson,
Vesturgötu 33.

Á Bæjarþ. Reykjav., 25. Jan. 1899.

2 fyrir nefndinni
2 krónur

Út af umsókn yðar, dags. 28. des. f. á., en meðtekinni 30. s. m., lagði ég fyrir ~~nefndina~~ niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 11. þ. m., og lýsti nefndin því þá yfir, að hún væri of seint fram komin, og að öðru leyti ~~væri~~ teldi hún eigi ástæðu til að taka ~~hana~~ til greina, með því að útsvar yðar nú síðast eigi var hækkað ~~um~~ ~~meira~~ frekar en um einar 3 kr. (úr 35 kr. upp í 38 kr.), og hugði nefndin, að atvinna yðar hafi hin síðustu ár verið svo góð og ~~arðvænleg~~, ~~að~~ og hagir yðar að öllu leyti svo lagaðir, að þér eigið ~~ekki~~ að minnsta kosti að una við þessa gjaldhækkun, hvort sem litið er á þarfir bæjarfélagsins ~~út af fyrir sig — og hag útsvars-~~ ~~bræðra yðar út af fyrir sig~~, út af fyrir sig, eða hagir útsvarsbræðra yðar ~~t~~ er tekinn til samanburðar. —

Þetta ~~læt ég~~ tilkynnist yður í nafni niðurjöfnunarnefndarinnar. —

No 43/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 44/1898. — 2/1. '99.

†

Af því, að jeg er vinnukona hr. trjesmiðs Sveins Jónssonar á Laugavegi og vinn þar fyrir vanalegu vinnukonu-kaupi, eins og meðfylgjandi vottorð frá húsbónda mínum sýnir, þá leyfi jeg mjer með virðingarfyllst, að fara þess á leyt við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, að láta mig ekkert aukaútsvar borga til bæjarins fremur en aðrar vinnukonur, og að nefndinni mætti þóknast að nema þær 4 kr. í burtu, er hún hefur gjört mjer að skyldu að borga í aukaútsvar árið 1899

Þess skal getið að jeg er skrifuð á Skólavörðustíg á útsvarsseðli mínum.

Reykjavík, 28. desember 1898
Virðingarfyllst
Guðrún Jóhanna Jónsdóttir.

Sjett. Ekki gefið

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að ekkjan Guðrún Jóhanna Jónsdóttir sje vinnukona mín og vinni fyrir vanalegu vinnukonukaupi, það vottast hjermeð.

Reykjavík, 28. des. 1898

Sveinn Jónsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Guðrúnar Jóhönnu Jónsdóttur,

nú Laugaveg, áður Skóla-
vörðustíg.

Nfdl. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

[~~fátækra~~ auka-]

Með því að þér í bréfi til niður-
jöfnunarnefndarinnar, dags. 28. f.
m. hafið lýst því yfir, að þér
nú sjeuð í vinnukonustjett, og nefndin
hefur að öðru leyti fengið nægilegar
ástæður fyrir að svo sje, hefur
hún á fundi 11. þ. m. ákveðið,
að fella burtu útsvar það, sem hún
lagði á yður í síðastl. nóvember-
mánuði, að upphæð 4 kr.-

Þetta gefst yður hjermeð til
vitundar eptir fyrirlagi nefndar-
innar.-

No 44/1898.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Of seint. No 45/1898. – 30/11 1899

Þar eð það virðist hafa vakað fyrir
hinni háttvirtu niðurjöfnunar-
nefnd þegar hún jafnaði niður auka-
útsvörum hjer í bænum síðast, og
lagði á mig undirritaðann 20 kr.
að jeg væri hjer sem búsettur eða
sjálfstæður handverksmaður, þá
leyfi jeg mjer með virðingar-
fyllst að tilkynna hinni hátt-
virtu niðurjöfnunarnefnd, að
jeg er að öllu leyti vinnandi hjá
föður mínum, og tek ekkert
kaup, því þar eð mjer fannst
sannarleg þörf og skylda fyrir
mig að styrkja fátæka foreldra
mína, þá þótti mjer ekki
heppilegri að gjöra það upp á
annan hátt, enn vinna að öllu
leyti þeirra gagn. og þar sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg er fátækur maður, og í þess-
ari stöðu, verð jeg alvarlega að
óska þess, að hin háttvirta nefnd
losi mig að öllu leyti við þetta
20 kr. bæjargjald. — En aptur
á móti geti það nú ef tilvill kom-
ið fyrir að nefndinni hugkvæmdist
að hækka að meira eða minna leyti
aukaútsvar föður míns upp yfir
þeim 10 kr., er á hann hafa verið
lagðar, eins og í staðinn fyrir mitt
gjald ef það verður fellt í burtu;
þá skal jeg leyfa mjer nefndinni
til upplýsingar — af því faðir minn
er hjer nýkominn —, að geta þess,
að hann er fjármunalaus og skuldug-
ur ómagamaður sem á erfitt upp-
dráttar, og virðist því 10 króna
gjald hans fullhátt, enn þó ekki
ósennilegt. Í tilefni af framan-
greindu, leyfi jeg mjer því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alvarlega hjer með að beiðast þess
að hin háttvirta niðurjöfnunar-
nefnd losi mig algjörlega við mitt
aukaútsvar, án þess þó að hækka
á föður mínum, og vænti jeg
hinna beztu úrslita.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 3. jan. 1899.

Sveinn Dalhoffsson.

Dalhoff Halldórsson hefur
10. kr. — Sveinn sonur hans
fékk 20 kr. — Eins 1897.

Segjum nei. —

Til tit. bæjarstjórnar.
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Sveins Dalhoffssonar (Dalhoff),

Rvík.

Í Nj.n. Rvíkur, 25. jan., 1899.

Kærubrjef yðar, dags. 3. þ.m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagði á yður í síðastl. nóvembermán., að upphæð 20 kr., lagði jeg því nefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að vísa kærunni frá, með því að hún kom fram mörgum dögum eptir að kærufresturinn var útrunninn. —

~~Með því~~ Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir beiðni nefndarinnar, skal jeg geta þess, að gjald yðar var nú eigi hækkað frá því sem það var ákveðið undanfarið ár (— þá var það einnig 20 kr. —), og var ~~það~~ þetta einmitt ~~Gjald með~~ þannig ráðið með tilliti til samvinnu yðar við föður yðar, þótt vjer eigi gætum álitið yður vinnumann hans.

þótt gjöld bæjarbúa yfirhöfuð hafi hækkað að nú [illegible] mun, en hagur yðar að vitund nefndarinnar eigi versnað,

Annars skal jeg benda yður á það, að ~~þjer getið~~ yður er innanhandar, að bera kæru yðar fram fyrir bæjarstjórnina, og að þjer enda getið lagt spursmálið um útsvarsskyldu yðar undir úrskurð dómstólanna. —

Nº 45/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgreitt. — № 46/1898. — 3/1. 1899. —

Ekki til greina.

Háttvirti herra!

Jeg leyfi mjer hjermeð að kæra þessa árs aukaútsvar mitt, sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á mig. Eins og yður er kunnugt hefir hún hækkað útsvar mitt um 5 kr, úr 35 kr. upp í 40 kr, sem jeg álít í hæsta máta ósanngjarnt að samanbornum ástæðum mínum og ýmsra annara, sem jeg mun nefna til. Vil jeg leyfa mjer einkum og sjerstaklega að benda á dæmum úr nefndinni sjálfri, sem jeg held að, hefðu að minnsta kosti mátt hafa engu betra útsvar en jeg. Jeg á við þá, hr. Styr. Johnsen kaupmann og söngkennara, Kr. Ó. Þorgrímsson kaupmann og Guðm. Guðmundsson á Vegamótum. Tveir hinna fyrrnefndu kaupmenn hafa aðeins 30 króna útsvar og hinn síðast taldi er ekki í flokki hærri gjaldenda. Mjer þætti fróðlegt að vita hvað nefndin færir til varnar gjörðum sínum í þessu tilliti; hún hlýtur að hafa verið ókunnug högum mínum, því hagi þessara manna hlýtur hún þó að hafa þekkt. — Af ástæðum mínum skal jeg taka það fram, að jeg hef fyrir 3 börnum að sjá, ungum, og hef haft fremur rýra í atvinnu síðan í vor, hef aðeins einn pilt til smíðakennslu, sem jeg þó verð að gjalda kaup. Annars mun jeg gefa nefndinni nákvæmari skýringu á högum mínum ef hún æskir þess, en þessa kæru mína skora jeg á hana að taka til greina, því að öðrum kosti verð jeg að ná rjetti mínum á annan hátt; mjer er óskiljanlegt annað, en að nefndin álíti það sanngjarna kröfu, að útsvar mitt sje ekki gjört hærra en þessara manna, að þeim haldið að sama skapi.

Auk þess skal jeg leyfa mjer að bera mig hvað ástæður og útsvarsupphæð snertir saman við þá hr. Friðrik Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupmann (60 kr.) Guðm. Þórðarson frá Hálsi (30 kr.) Jóhannes Jósefsson trjesmiður (36 kr.) Jón Árnason frá Garðanda (eins 70 kr.) Jón Valdason í Skólabæ (32 kr.) Jónas Helgason organista (130 kr.) Ólaf Ásmundsson faktor (80 kr.) Ólaf Sveinsson gullsmið (38 kr.) Schou steinsmið (48 kr.) og ennfr. ekkjunni Kristínu Skúladóttur (38 kr.)

Á öllum þessum álít jeg í samanburði við mig langt of lágt útsvar og vona jeg að nefndin íhugi þetta.

Jeg vil að endingu skora fastlega á nefndina að taka þessar kvartanir mínar til greina.

Reykjavík 2. jan. 1879

Virðingarfyllst

Gunnar Gunnarsson

Til

formanns niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra smiðurinn Gunnar Gunnarsson,
Reykjavík.

Í Nfd. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

kæru yðar, dags. 2. þ. m., og meðtekna 3. þ. m., yfir auka-útsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 40 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður fyrir yfirstandandi ár í síðastl. nóvembermán., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að gjaldið skyldi standa óbreytt, og að kæran þannig yrði ekki til greina tekin, jafnframt og nefndin gat þess, að kæran var of seint fram komin.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra smiður, eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að þar sem nefndin nú varð að hækka útsvör bæjarmanna að mjög miklum mun eptir skipun bæjarstjórnarinnar, taldi hún að þjer ættuð að bera dálítinn hluta af hækkuninni eptir efnum yðar og ástæðum og öðrum atvinnurekstri yfirleitt, og þessvegna færði hún gjald yðar upp um 5 kr. frá því sem það var næsta ár á undan. —

No 46/1898.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Of seint

No 47/1898. — 3/ii. 99.

Jeg hafði undir öllum kring
um stæðum vonast eftir að vera
frí frá fátækra útsvari í ið þessa
sýðast gjörðu niður jöfnun, þar
sem jeg er enn hjá föður mínum ennþá
og jeg hef verið síðann jeg fæddist
með óbreittri stöðu að öðru en því
að jeg stunda Sjómannaskóla
nám, En nú er það orðið mjer ljóst
að gjald hefur verið á mig lagt
líklega af þeirri ástæðu að nefnd
inni hafi verið ókunnugt um
hvernin staða mín er, af þessu
leiðir að jeg vona hinni heiðruðu
nefnd þóknist að draga mig út af
gjaldenda skránni og ekki síst
þegar jeg er opinberlega námsm

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

madur og vona jeg að fá þessari
ósk mynni framm gengt eftir
að nemdinn hefur fengið fram
ann skrifaðar upplísyngar

Sveinsbæ 3 jan 1899

Jóhannes Sveinsson

Guðrúd J. Sveinson - 6,00 = áðr (í fyrra 12 kr)

Joh. Sveinsson - 10,00

Til
niðurjöfnunar nemdarynnar
í Reykjavík

Sveinn gamli fái 14 kr
falli burt fyrir Joh.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra Jóhannesar Sveinssonar

í Sveinsbæ.

Í N.fgl. Rvíkur, 25. Jan., 1899. [illegible] 10 kr.,

Kæru yðar, dags. 3. þ. m., yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin gjörði yður fyrir yfirstandandi ár í síðastl. nóvembermán., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 11. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að gjaldið skyldi falla niður, með því að hún tók það trúanlegt, að þjer [illegible] hjá föður yðar. —

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eftir fyrirlagi nefndarinnar. —

Til

Herra Sveins Guðmundssonar,

Sveinsbæ.

Í N.f.gl. Rvíkur, 25. Jan. 1899.

Við hina almennu niðurjöfnun á aukaútsvörum í bænum, sem gjörð var í síðastl. nóvembermán., lagði nefndin á yður 6 kr., og á Jóhannes son yðar 10 kr.; samtals á yðar heimili 16 kr. — Nú hefur Jóhannes tjáð niðurjöfnunarnefndinni, að hann sje vinnumaður yðar, og hefur nefndin tekið þetta trúanlegt. Samkvæmt því úrskurðaði hún á fundi 11. þ. m., að gjald Jóhannesar sonar yðar 10 kr. skyldi falla niður, en jafnframt að gjald yðar skuli hækkað um 8 kr., eða úr 6 kr. upp í 14 kr. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eftir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess að [illegible] að skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnarinnar. —

Nº 47/1898. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 48/98. + Meðt. 12/1. 1899.

Hjer með til kinnist hinni hattvirtu niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur kaupstaðar sem hefur gjört að auka út svari heimili mínu 14 krónur að upphæð á útilandum reikningi til eigin mans míns Jóns Þórðar-sonar sem ekki er hjer í bænum og hefur ekki verið nú um langan tíma og ekki inn unnið þessu heimili nokkurs eiris virði finn jeg mig þessvegna ekki hafa á staður til að sinna þessum reikningi þar sem jeg stend uppi með 2 ómaga og þann 3 þó það sje upp komin piltur sem er svo heilsu lans að eg sem móðir hanns má hafa hræðslu firir að leggist í rúmið á hverju augna blyki þrátt firir alla lækna til raunir og kostnað er þar af leiðir 4 er Þorgrímur sonur minn sem stundar skóla nám og þar með em upp talir þeir vinnu kraftar er að þessu heimili starfa og sökum þeirra á stæða er hjer að ofan eru greindar hlít jeg að mælast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til við hina hátt virtu niðurjöfnunar nefnd að endur bata á ein hvern hátt handa verksins í þessu efni eður jeg hlít að snúa mjer að þeirri rjettu leið þar sem jeg fæ kröfu minni full nagt

Reykjavík 10/1 99

virðingarfylst

Margrjet S. Þorgrímsdot
Berskoti

Til niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Margrjetar S. Þorgrímsdóttur,
Bergstaða-
stíg.

N. Jfd. Rvíkur, 25. jan., 1899.

Með brjefi, dags. 10. þ. m., ~~og meðtekinu~~ er kom í mínar hendur 12. þ. m., hafið þjer skýrt frá því, að yður hamið hafi verið gjört 14 kr. útsvar til bæjarsjóðs með réttmætum úrskurði til manns yðar Jóns Þórðarsonar, sem nú sje eigi hjer í bænum og hafi eigi verið um langan tíma; þykist þjer eigi hafa ástæðu til að sæta þessum niðurjöfnun, og óskið að niðurjöfnunarnefndin endurbæti á þessu álagi. —

Þessari kæru yðar svara jeg, sem formaður niðurjöfnunarnefndarinnar á þá leið, að ~~[illegible]~~ nefndin getur enga breytingu gjört á afgreiddu útsvars-ákvæði eptir þessari kæru yðar, með því að hún kom eigi til nefndarinnar fyrren löngu eptir að hinn lögboðni kærufrestur var út-runninn, en það var hinn 28. f. m., og eigi fyr en nefndin að öllu leyti hafði lokið störfum sínum að þessu sinni, en hún átti hinn síðasta fund sinn 11. þ. m. Þess vegna verður kæra yðar eigi tekin af nefndarinnar hálfu eigi af minni hálfu, en jeg skal benda yður á það, að yður er innanhandar, að bera málið upp fyrir bæjarstjórninni. —

Jafnframt skal jeg ~~benda yður á það~~ taka það fram, að útsvarið er lagt á mann yðar Jón Þórðarson, en ekki á heimili yðar eigi á yður. Jeg get ekki álitið, að útsvarið verði heimtað af ~~yður~~ [illegible] ~~[illegible]~~ heimilinu hjer yðar.

No 48/98.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 49/ /.98.

+ Mótt. 13/1. 1899.

Hjer með leyfi eg mjer að leiðrjetta misskiln-
ing þann, er mjer virðist hafa orðið við niður-
jöfnuna á aukaútsvari því er lagt er á föður
minn Bjarna Guðmundsson; það á alls ekki
að leggjast á hann, heldur á mig, því hann er
hjá mjer ásamt móður minni, og vinn eg fyrir
þeim og ber mjer að borga útsvar hans.
Nefndin hefur heldur ekki lagt neitt á Guðjón
bróðir minn - hann er laus við mig og föður minn
aðeins í kosti hjá mjer, og kemur það ekkert við
föður mínum eða mjer hvað hann á að gjalda.
Þessi skýring mín vona jeg að verði tekin
til greina.
Enn fremur vil eg leyfa mjer að láta í ljósi
óánægju mína og undrun yfir upphæð út-
svars föður míns, 30 kr. Foreldrar mínir eru
gömul og hrum, og verð eg að vinna fyrir þeim,
sjálfur er eg fjarri því að vera vel efnum
búinn, þar sem jeg er talsvert skuldugur,
þó jeg bjargist af. Til saman burðar tek jeg
hr. Árna Guðmundsson í Bræðraborg, sem ekki
er í flokki hærri gjaldenda, en fremur kaupm.
Kr. Ó. Þorgrímsson með sömu upphæð, og söm-
leiðis Þórð Pjetursson Oddgeirsbæ sem ekki er í flokki
hærri gjaldenda, en er þó efnaður maður, og á
þó hlut í þilskipi, en hr. Árni er ríkur maður
á hálfa Bræðraborgina, og talsvert fl. Og að
leggja sama á föður minn og kaupmann
Kr. Ó. Þorgrímsson, nær engri átt - það hlýtur
að hafa komið til af ókunnugleika nefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, að það sje eigi rjett gefur hver heiðarlegur maður sjeð.

Jeg vona að hin heiðraða nefnd athugi þetta að frekar.

í Melbæ Rvík 10 Januar 1899.

virðingarfyllst

Guðmundur Bjarnason

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Guðmundar Bjarnasonar
Melbæ, Reykjavík.

Niðjfn. Rvíkur, 25. Jan., 1899.

Með brjefi, dags. 10. þ. m., er
s. m.
barst mjer í hendur 13. ~~jan.~~ ~~beið~~
beiðið þjer upp ~~fram~~ fyrir niðurjöfnunarnefnd-
inni umkvörtun yðar yfir því, að
nefndin hafi í síðastliðnum nóv-
embermánuði lagt auka-útsvar
á fóðurson yðar Bjarna Guðmundsson,
sem þjer teljið að sje í dvöl hjá
yður ástundi með yður, og eigi því
ekkert auka-útsvar að greiða, en út-
svarið eigi að vitast að berast af yður.
Þá getið þjer þess, að ekkert útsvar hafi
verið lagt á bróður yðar, Guðjón, er sje sjálfs-
tæður maður, en í kosti hjá yður. Og loks
getið þjer þess, að yður þyki útsvar það,
sem nefndin hefur gjört ~~fóðu~~ fóðursyni yðar,
ótrúlega hátt. —

Um þetta skal jeg tjá yður það, að þareð
lögleyfður kærufrestur í þetta sinn var út-
runninn fyrir hinn 28. f. m., þá er kæra
þessi langt um of seint fram komin, og
þareð síðasti fundur niðurjöfnunarnefnd-
arinnar var haldinn hinn 11. þ. m., þá
er hún að fullu lokið störfum sín-
um, at þessu sinni, get jeg eigi gjört nefndinni
kunna yðar umkvörtun, og verður henni
nú þannig engin gaumur gefinn.

En það er yður ennfremur innanhanda,
að ... ... ... ... ...
stjórninni. —

Nr. 49. þ. 98.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 50. j. 98. Mttk. 21/1 - 1899.

Þegar skrá yfir aukaútsvör í Reykjavík var lögð fram í haust fór jeg uppá bæjarþingstofu til að líta á það útsvör er niðurjöfnunarnefndin hefði gjört mjer að gjalda, en jeg gat hvergi fundið nafn mitt á skrá þeirri er lá frammi, og því hugðaði jeg að nefndin hefði ekkert útsvör lagt á mig fremur en í fyrra

Nú fyrir 2 dögum fæ jeg gjaldseðil frá gjald-kera bæjarins þar sem mjer er gjört að greiða í auka-útsvar 10 Kr. fyrir yfirstandandi ár, fór jeg þá til gjaldkerans og spurði hann ~~um~~ hvernig á því stæði að jeg væri látinn borga útsvar þar jeg hefði ekki staðið á skrá þeirri er lá frammi, gaf hann mjer þær upplýsingar að jeg væri skrifaður á skrána Siversen Skúli, Eins og hin heiðraða nefnd mun vita þá heiti jeg ekki Siversen Skúli heldur Skúli Siversen, og þessvegna kom mjer ekki til hugar að leita á skránni að öðru nafni en því rjetta.

Nú þar sem hin heiðraða nefnd hefur gjört mjer að borga 10 krónur þá er það langt of hátt í saman-burði við þær tekjur sem jeg hef, sem eru 306 Krónur eða 34 Kr. á mán, og frá þessari upphæð dregst 4% vextir af 1100 kr. skuld sem jeg stend í, og verður þá ekki eptir til að lifa á nema 262 Kr. og veit jeg það að hin heiðraða nefnd muni ekki geta ætlast til þess að nokkur maður með 262 kr. tekjum sje látinn borga 10 Kr. í aukaútsvör; Jeg skal taka það fram að jeg hef enga atvinnu til að styðjast við. nema þessar 262 Kr.

Jeg vona því að heiðraða nefnda verði við þeirri ósk minni að færa útsvarið niður í 5 Krónur því það er það lægsta gjald sem [illegible] leggja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á 262 krónur tekjur. Að jeg ekki hef kært fyr en nú vona jeg að nefndin sjái að er á rökum byggt.

Reykjavík 21 Januar 1899

Virðingarfyllst

Sk. Thiwortsen

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Skúli Th. Sivertsen,
frá Hrappsey.

Nº 7 Rvík 25. jan. 1899.

L. þ. m.

Með brjefi, stíluðu til niðurjöfnunar-nefndar Reykjavíkur, og dags. 21. þ. m., hafið ~~[illegible]~~ þjer [illegible] aukaútsvari því til bæjarsjóðs, sem niðurjöfnunarnefndin gjörði yður í síðastl. nóvembermánuði; að upphæð 10 kr., og kveðið yður gjöra þetta ólöglega hátt. — En með því að hinn lögboðni frestur fyrir útsvarskærunnar að þessu sinni var liðinn þegar hún 28. ~~jan~~ f. m., kemur kæra yðar alltof seint fram, og þar sem síðasti fundur niðurjöfnunarnefndarinnar var haldinn hinn 11. f., þá er nefndin algjörlega laus störfum sínum að því er þessa aðalniðurjöfnun snerti, get jeg eigi einu sinni gjört nefndinni kunna kæru yðar. Af þessu leiðir, að kæran verður eigi tekin af hálfu niðurjöfnunarnefndarinnar, en hitt er yður innanhandar, að reyna að koma henni undir úrskurð bæjarstjórnarinnar. —

Nº 50/98.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur